# FRÉTTABLAÐIÐ

80. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 6. APRÍL 2018





Slökkvilið var enn að störfum í Miðhrauni í Garðabæ þegar ljósmyndari Fréttablaðsins var þar í gærkvöld. Þetta er líklega stærsti eldsvoði hér á landi síðan 2014. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sótmengunin hér er eins og í Rotterdam

**Sótmengun af völdum umferðar í Reykjavík jafnast á við það sem gerist í stórborgum erlendis svo sem Rotterdam og Helsinki. Borgarbúar fastir í umferðarhnút berskjaldaðri fyrir sótmengun en gangandi vegfarendur.**

**UMHVERFISMÁL** Sótmengun í og við stofnbrautir í Reykjavík mælist jafn mikil og í borgum á við Rotterdam og Helsinki. Sót er einn eitraðasti hluti svifryksins í borginni og því mikilvægt að stemma stigu við svifrykinu.

Einstaklingar í bílum sínum eru berskjaldaðri fyrir sótmengun en gangandi vegfarendur.

Þetta sýna fyrstu vísbendingar rannsóknar Bergljótar Harðardóttur en hún vinnur að meistararitgerð í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands. Bergljót, ásamt fjölda annarra, heldur fyrilestur um rannsókn sína á Hilton Nordica í dag í tilefni dags verkfræðinga.

„Fyrstu vísbendingar eru þær að mælingar mínar á sótmengun við þessa stofnbraut hér á landi jafnist á við þær mælingar sem gerðar hafa verið á stofnbrautum í Rotterdam og Helsinki,“ segir hún.

Mælingar Bergljótar gefa tilefni til að ætla að vegfarendur í morgun- og síðdegisumferð fái alveg jafn mikið, ef ekki meira, af sótmengun en þeir sem gangandi eru. „Ég virðist vera að fá hærri gildi þegar ég ek í morgun- og síðdegisumferð en þegar ég geng. En rannsóknin er auðvitað háð takmörkunum og það þarf að gaumgæfa þessar vísbendingar betur.“

Íbúar Rotterdam voru um 650 þúsund um síðustu áramót. Í Helsinki bjuggu um 1,4 milljónir manna en inni í þeim tölum eru einnig úthverfi Helsinki og nærliggjandi bæir. Sótmengunargildi Reykjavíkursvæðisins, með sína 200 þúsund íbúa, er því nokkuð hátt.

Sót verður til við bruna eldsneytis og meira sót kemur af bruna dísilolíu en bensíns. Sót er einn eitraðasti og fíngerðasti hluti svifryksins í borginni, það getur sest djúpt í lungnavefinn og er afar hættulegt heilsu manna, sér í lagi þeirra sem hafa undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma.

Bergljót mælir sót í svifryki með tvennum hætti. Hún bæði gengur og ekur Miklubraut frá Lönguhlíð og upp í Skeifu og mælir magn sóts í andrúmsloftinu. – sa

## Hafnar ásökun um brot

**DÓMSMÁL** Hæstaréttardómarinn Benedikt Bogason hafnar því að hafa verið heima hjá sér þegar hann skrifaði heimild fyrir hlerun á síma Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings. Hreiðar telur að brotið hafi verið á sér við hleranir. – joe / sjá síðu 8



Benedikt Bogason

## Víðar buxur vekja athygli

**GLAMOUR** Mjög víðar gallabuxur eru flík sem margir óskuðu sér að sjá aldrei aftur. En þær eru komnar aftur í tísku.

Danska fatamerkið Ganni kynnti nýja gallafatastefnu fyrir sumarið á dögunum. Þar sjást útvíðar buxur í allri sinni dýrð. Þetta kemur fram í umfjöllun um strauma og stefnur í fatatískunni í sumar sem birt er í blaðinu í dag.

Í umfjölluninni segir að nú þegar vorið er handan við hornið langi marga að breyta til í fataskápnum og jafnvel bæta nýjum flíkum í hann. – eg / sjá síðu 24

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur skrifar um skrifræði og ostasorg. 11

**MENNING** Eitt leiðir af öðru og öðru og öðru nefnist einkasýning Ásgeirs Skúlasonar. 20

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Það má búast við talsverðu frosti í morgunsárið. En þar sem sólin er nú farin að hafa áhrif á hitann má búast við því að hiti nái víða upp fyrir frostmark að deginum. SJÁ SÍÐU 16



**Már Guðmundsson tekur við sparibauk Katrínar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Katrín kom færandi hendi

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kom færandi hendi á ársfund Seðlabanka Íslands. Hún færði Seðlabankanum sparibauk úr baukasafni sem hún á.

„Þetta er lítið baukasafn, eða það sem ég kýs að kalla bankaminjasafn,“ segir Katrín. Til útskýringar segir hún að í gegnum tíðina hafi loðað við hana sparibaukar, seðlaveski og jafnvel bankabækur úr bönkum sem eru ekki lengur til.

Baukurinn sem Katrín gaf Seðlabankanum er flóðhestur úr Útvegsbankanum sem var fullur af smámynt, því lykillinn að bauknum er löngu týndur. Már Guðmundsson seðlabankastjóri mun hafa tekið bauknum fegins hendi, en í bankanum er líka baukasafn. **– jhh**

# Frestur rennur út í kvöld

**SAMFÉLAG** Frestur til að senda tilnefningar fyrir Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins rennur út í kvöld. Allir þeir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag koma til greina sem verðlaunahafar. Verðlaunin verða afhent 11. apríl. Fréttablaðið skorar á lesendur að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið viðurkenningu fyrir verk sín. Verðlaunin eru veitt í fimm flokkum. Það eru Hvunndagshetjan, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum, Heiðursverðlaun og Samfélagsverðlaunin. **– jhh**

# AK Extreme hófst í gær




**Snjóbretta- og tónlistarhátíðin AK Extreme hófst á Akureyri í gær og stendur fram yfir helgi. Hátíðin er haldin í Hlíðarfjalli og í miðbæ Akureyrar, nánar tiltekið í Gilinu, Sjallanum og á Græna hattinum. Hápunktur AK Extreme verður Eimskips gámastökkið á laugardagskvöldið en þar keppa færustu snjóbrettamenn Íslands ásamt erlendum keppendum um AK Extreme-titilinn og hringinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Vilja selja 40% ríkisins í TV 2

**DANMÖRK** Árleg framlög sem danskir fjölmiðlar fá úr ríkissjóði til að veita almannaþjónustu hækka úr 35 milljónum danskra króna í 220 milljónir, 40 prósenta hlutur danska ríkisins í TV 2 verður seldur, opinber stuðningur við nýja miðla eykst og stafrænir miðlar verða undanskildir virðisaukaskatti. Þetta er á meðal atriða sem danska ríkisstjórnin hyggst grípa til í nýrri aðgerðaáætlun sinni um fjölmiðla. Þá ætlar ríkisvaldið að skera niður framlög til danska ríkisútvarpsins, DR, um 20 prósent á fimm árum, frá og með árinu 2019.

„Fjölmiðlanotkun Dana tekur miklum breytingum. Það kallar á pólitísk viðbrögð. Við skulum styðja við þann margbreytileika sem borgararnir eru að leita eftir,“ segir Mette Block menningarmálaráðherra í tilkynningu. **– jhh**

# Universal boðar mikla hörku í lagastuldarmáli

**Útgáfurisinn Universal hafnar algerlega kröfu Jóhanns Helgasonar vegna lagsins You Raise Me Up og kveðst munu verjast af krafti láti hann verða af þeirri „hótun“ að fara með málið fyrir dómstóla. Rolf Løvland svaraði ekki fyrirspurnum í gær.**

**TÓNLIST** Jóhann Helgason má eiga von á því að Universal Music verjist af fullum krafti gegn kröfum hans um viðurkenningu á höfundarrétti að laginu You Raise Me Up.

Komið hefur fram að Jóhann telur að norski lagahöfundurinn Rolf Løvland hafi stolið laginu Söknuði og gert að laginu You Raise Me Up sem notið hefur vinsælda á heimsvísu. Jóhann freistar þess nú á ný eftir langt hlé að fá málið tekið fyrir hjá dómstólum ytra og er með breska lögmannsstofu á sínum snærum.

Útgáfufyrirtæki Løvlands, Universal, hefur þegar hafnað kröfu lögmanna Jóhanns sem óskuðu eftir viðræðum um málið svo ekki þyrfti að koma til kasta dómstóla.

„Ef skjólstæðingur þinn velur þrátt fyrir þetta að halda áfram því ferli sem hann hefur hótað verður gripið til varna af hörku og Universal Music Publishing (og Rolf Løvland á sama hátt) munu krefjast kostnaðar á grundvelli skaðleysissjónarmiða,“ segir í bréfi Universal til lögmanna Jóhanns.

Fréttablaðið sendi Rolf Løvland tölvupóst í gær og spurði hvort hann sæi líkindi milli You Raise Me Up og Saknaðar og hvort hann hafi heyrt Söknuð áður en hann samdi You Raise Me Up.

Svör bárust ekki frá norska tónlistarmanninum í gær en í viðtali við vefútgáfu Verdens Gang í fyrradag var haft eftir Løvland að ekki hefði verið haft samband við hann vegna hugsanlegrar málsóknar.

„Ég hef ekkert annað að segja um þetta en að sama mál kom til kasta réttindasamtakanna (STIM) fyrir mörgum árum og þar var kröfunni hafnað,“ sagði Løvland við VG og vísaði að öðru leyti á skrifstofu Universal í Stokkhólmi. STIM samsvarar höfundarréttarsamtökunum STEFi á Íslandi.

Fréttablaðið falaðist eftir viðbrögðum Martins Ingeströms, forstjóra Universal í Stokkhólmi. „Svar Martins Ingeströms er að þetta hefur þegar verið skoðað af matsnefndum nokkurra samtaka þar sem niðurstaðan er sú að ekki sé um stuld að ræða,“ segir í svari frá Universal sem tekur þannig í sama streng og Løvland.

„Auðvitað reynir Løvland og Universal Music allt hvað þarf til að hanga á roðinu,“ segir Hilmar Foss, sem er Jóhanni Helgasyni til aðstoðar. Hann hafnar því að rök Universal og Løvlands hafi afgerandi þýðingu.

„Spjall herramanna, sem hittust á ráðstefnu á hóteli í Ósló 8. og 9. júní 2004 getur aldrei verið niðurstaða í máli sem þessu,“ segir Hilmar Foss og vísar þá til þess að í bréfi frá TONO í Noregi, sem er ígildi STEFS á Íslandi, til STEFS komi fram að lagamálið hafi verið rætt á ráðstefnu sem haldin hafi verið þessa daga.

gar@frettabladid.is



**Rolf Løvland segir við Verdens Gang að álitamálið um Your Raise Me Up hafi verið útkljáð honum í hag hjá höfundarréttarsamtökum ytra.** NORDICPHOTOS/AFP

> Auðvitað reynir Løvland og Universal Music allt hvað þarf til að hanga á roðinu.
>
> Hilmar Foss







PÁSKA TILBOÐ Grillbúðin

Frá Þýskalandi LANDMANN Your World of BBQ

Verð áður 79.900
69.900

• Afl 10,5 KW
• 3 brennarar
• Brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Kveikja í öllum tökkum
• Tvöfalt einangrað lok
• Stór posulínshúðuð efri grind
• Hitamælir
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Grillflötur 65 x 44 cm

Páskatilboðum lýkur á laugardag

Vönduð yfirbreiðsla að verðmæti kr. 6.990 fylgir

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

**TOYOTA**

ALWAYS A
**BETTER** WAY




**HYBRID** **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Nýr Prius Plug-in Hybrid

Komdu á Hybrid stórsýningu um helgina hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi, þar sem við afhjúpum nýjan og enn náttúruvænni Prius Plug-in Hybrid. Við lítum á það sem ábyrgðarhlutverk að leiða Hybrid byltinguna og **þess vegna bjóðum við alla okkar Hybrid bíla á sérstaklega góðum kjörum.** Til viðbótar forsýnum við í Kauptúninu vetnisbílinn **Mirai,** umhverfisvænt tækniundur sem tekið verður eftir. Aktu í lið með 11 milljónum ánægðra Hybrid eigenda.

- **Kynntu þér RAV4 Hybrid og C-HR Hybrid á frábæru verði.**
- **Fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair fylgja öllum Hybrid bílum á sýningardag.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**



**RAV4 Hybrid**



**C-HR Hybrid**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Luiz Inacio Lula Da Silva þarf að hefja afplánun. NORDICPHOTOS/AFP

## Forseti í fangelsi

**BRASILÍA** Hæstiréttur Brasilíu hafnaði í gær bón Luiz Inacio Lula Da Silva, fyrrverandi forseta ríkisins, um að sleppa við að afplána tólf ára fangelsisdóm á meðan hann áfrýjar spillingarmálinu sem hann var sakfelldur fyrir. Búast má við að Lula hefji afplánun innan viku.

Erfitt er að sjá fyrir sér hvernig Lula mun eiga afturkvæmt í stjórnmálin, annaðhvort eftir afplánun eða ef dóminum verður snúið við í hæstarétti.

Þrátt fyrir sakfellinguna og sex önnur spillingarmál sem hann hefur verið ákærður fyrir er hann enn vinsælasti stjórnmálamaður Brasilíu. Lula mælist til að mynda með 33,4 prósenta fylgi í könnun sem MDA gerði í mars en næstvinsælasti frambjóðandinn, Jair Bolsonaro, fær 16,8 prósent.

Lula má þó ekki bjóða sig fram til opinbers embættis í átta ár eftir sakfellingu, þótt undantekningar hafi reyndar verið veittar frá þeim lögum. **– þea**

## Birgitta hætt í Pírötum

**STJÓRNMÁL** Birgitta Jónsdóttir, fyrrverandi þingmaður Pírata, er hætt í hreyfingunni. Hún segist ganga sátt frá borði pírataskútunnar. „Ég er ekki týpan sem nennir að vera eitthvað bitur og sár. Þetta er bara búið og allt í fína. Ég er bara hætt í þessari hljómsveit og er komin í sólóband,“ sagði Birgitta við frettabladid.is.



Birgitta Jónsdóttir.

„Mér finnst fullt af frábæru fólki vera að vinna inni á þingi og það er fullt af flottum Pírötum,“ segir Birgitta en bætir við að það séu líka vitleysingar alls staðar. Lífið sé einfaldlega þannig. **– þþ**

# Verkefnastjóri lyfjamála ekki hrifinn af viðhaldsmeðferðum

**Verkefnastjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis telur að hjálpa eigi fólki út úr lyfjafíkn frekar en að veita skaðaminnkandi viðhaldsmeðferð. Heilbrigðisráðherra segir umræðuna standa á kaflaskilum. Stjórnvöld séu þátttakendur í samtalinu. Tillögur að aðgerðum vegna lyfjamisnotkunar verða kynntar í næsta mánuði.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Mjög skiptar skoðanir eru um skaðaminnkandi viðhaldsmeðferðir, innan stjórnsýslu heilbrigðismála og meðal þeirra sem veita þeim þjónustu sem ánetjast hafa lyfseðilsskyldum lyfjum.

„Við lítum ekki á það sem eðlilegan hlut að fólk sé í þessum vanda og viljum helst hjálpa því út úr vandanum,“ segir Ólafur B. Einarsson, verkefnastjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis. Hann segist ekki skilja röksemdafærslu þeirra sem tala fyrir því að veita skaðaminnkandi viðhaldsmeðferðir eins og þær sem verkefnastýra Frú Ragnheiðar vék að í Fréttablaðinu á miðvikudaginn.

„Það eru önnur betri úrræði heldur en að ætlast til þess að fólk sé að sprauta sig með læknalyfjum eða taka þau í nefið,“ segir Ólafur og bendir á að margir þeirra sem noti lyfin hafi ekki fengið þau ávísuð sjálfir heldur í gegnum aðra sem græði á sölu þeirra og haldi til dæmis konum nauðugum í fíkn og gegn kynlífi eða öðru.

Ólafur segir Embætti landlæknis ekki geta svarað því hvort viðhaldsmeðferðir séu til þess fallnar að hjálpa fólki að komast út úr hlekkjum hins ólöglega markaðar með tilheyrandi vændi og glæpastarfsemi, það verði þeir sem veiti klíniskar meðferðir að meta; starfsfólkið á Vogi og fíknigeðdeild Landspítalans.

Ólafur segir embættið vita af læknum sem sinni viðhaldsmeðferðum í þeim tilgangi að halda fólki frá götunni. „Við lítum ekki á það sem eðlilegan hlut að læknar sem starfa á stofu eða heilsugæslu séu að sinna slíku og ég held að menn séu á algerum villigötum með að ætlast til að læknar séu að ávísa á fólk í fíknivanda þessum lyfjum.“

Spurður um þau efni sem hafa verið að valda dauða og ofskömmtun að undanförnu segir Ólafur embættið fá upplýsingar úr niðurstöðum rannsókna og sýna úr krufningum og þær bendi til, varðandi þessi átta dauðsföll í janúar, að það sé ekki eitthvert eitt tiltekið efni ráðandi þar. Hins vegar hafi það ekki verið partur af verklagi að embættið hafi upplýsingar frá bráðamóttöku um eitranir vegna ofskömmtunar. Ólafur lætur þess þó getið að embættið eigi í reglulegum samskiptum við bráðadeildina, bæði til að skoða lyfjaávísanir almennt til að fá betri innsýn í hvað er að gerast og eins til að koma á betri skráningu svo að embættið hafi upplýsingar um hve margir koma inn vegna eitrana og hvaða efni valda þeim.

Heilbrigðisráðherra telur hins vegar að það séu kaflaskil í umræðunni um lyfjafíkn og aðgerðir við henni. „Það er ofboðsleg einföldun að halda að það leysi vandann að draga úr framboðinu og ég er mjög meðvituð um að eftirspurnin leitar sér farvegs,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra. Hún segir stjórnvöld vera þátttakanda í samtalinu og tekur dæmi um aðgerðir stjórnvalda í skaðaminnkunarskyni sem eru ýmist í gangi eða í undirbúningi eins og opnun neyslurýmis í samstarfi við Reykjavíkurborg, aðgengi að hreinum sprautubúnaði og nálaskiptaþjónustu, skimun fyrir HIV og lifrarbólgu C og fleira.

Svandís segir að þrátt fyrir að fólki þurfi að standa til boða öflug aðstoð við að hætta og komast inn í líf án vímuefna, þá dugi það ekki eitt og sér.

„Fíkn verður partur af samfélaginu og veruleika okkar. Umræðan er ekki lengur svarthvít og snýst ekki bara um rétt og rangt. Þetta er viðfangsefni sem snýst ekki bara um refsivert athæfi heldur er þetta heilbrigðisvandi og félagslegur vandi. Þetta er úrlausnarefni gagnvart fólki á öllum aldri og í öllum þjóðfélagshópum og við getum ekki litið undan þegar þetta viðfangsefni er annars vegar en við getum heldur ekki fundið einfaldar lausnir, því þær eru ekki til frekar en í öðrum stórum viðfangsefnum.“

Ráðherra væntir þess að fá í maí niðurstöður starfshóps sem mótar tillögur að aðgerðum vegna lyfjamisnotkunar. **adalheidur@frettabladid.is**



### Áhugaverðar staðreyndir

**35%** þeirra sem þurfa innlögn á gjörgæslu á Íslandi vegna notkunar vímuefna deyja innan fimm ára (samkvæmt rannsókn Kristins Sigvaldasonar o.fl.).

Í **tíu Evrópuríkjum** stendur fólki sem háð er morfíni til boða að hafa mótefnið Naloxone á sér.

Um það bil **helmingur** þeirra sem háðir eru heróíni eða morfíni í Evrópu eru **skráðir í skaðaminnkandi viðhaldsmeðferðir.**

Í ríkjum Evrópu eru **90 neyslurými**, þar af 12 í Sviss.

**Skaðaminnkandi inngrip sem hafa sannað gildi sitt**
- Ópíóða-viðhaldsmeðferð til að lækka tíðni HIV-smits og annarra áhættuþátta sprautunotkunar.
- Nálaskiptaþjónusta til að lækka tíðni HIV-smits og annarra áhættuþátta.
- Viðhaldsmeðferð með Methadone og skyldum efnum til að lækka dánartíðni.

**Inngrip sem líkleg eru til árangurs***
- Neyslurými til að draga úr áhættuþáttum sprautunotkunar.
- Ávísun lyfsins Naloxone til notenda og þjálfun í notkun þess til að koma í veg fyrir dauðsföll vegna ofskömmtunar.

***Að mati European monitoring center for drugs and drug addiction.**

**Skaðaminnkunarinngrip á Íslandi**
Frú Ragnheiður er sérinnréttaður bíll á vegum Rauða krossins í Reykjavík sem fer um götur höfuðborgarsvæðisins sex kvöld í viku og þjónustar bæði heimilislausa einstaklinga og aðra sem nota vímuefni í æð.

**Aðhlynning sára** umbúðaskipti, saumataka, sýklalyfjagjöf og almenn heilsufarsráðgjöf. Nálaskiptaþjónusta, einstaklingar geta komið og sótt hreinar nálar, sprautur og annað sem þarf til að draga úr líkum á smiti og sýkingum. Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar fá einnig næringu og mat, svefnpoka, tjalddýnur, hlý föt og ráðgjöf.

### Skaðaminnkandi viðhaldsmeðferð í Sviss

Í Sviss fá um 1.600 einstaklingar, sem hafa ánetjast heróíni eða morfíni, daglega viðhaldsskammta af heróíni eða hægvirkandi morfíntöflum á 23 stöðvum í borgum landsins og í tveimur fangelsum. Efnið er notað á staðnum ýmist með sprautu eða um munn og þeir sem njóta þjónustunnar fá allt að þrjá skammta á dag. Aðeins er um að ræða einn þátt í heildrænu meðferðarstarfi sem tekur einnig til félagslegra og sálfræðilegra inngripa.

Svissneska leiðin hefur leitt til lægri glæpatíðni og bættrar andlegrar og líkamlegrar heilsu notenda, aukinnar atvinnuþátttöku þeirra og fækkunar þeirra notenda sem eru heimilislausir. Enginn sem notið hefur meðferðarinnar frá því hún hófst árið 1994 hefur látist úr ofskömmtun.

Svipuð inngrip eru meðal annars í Þýskalandi, Danmörku, Hollandi, Belgíu, á Spáni og í Kanada.








# VERTU ÖÐRUVÍSI.

## NÝR BMW X2.

Hægt er að velja á milli 2ja lítra bensín- eða dísilvélar sem nota einungis frá 4,6 lítrum á hverja 100 km. Einnig má velja 7 eða 8 þrepa sjálfskiptingu, framdrif eða fullkomið xDrive fjórhjóladrifskerfi. Bakkmyndavél, 6,5" litaskjár og LED dagljós eru hluti staðalbúnaðar. Auk þess er í boði úrval búnaðar sem gerir nýjan BMW X2 einstakan í sínum flokki.

BMW X2 20i. Bensín, 192 hestöfl, sDrive – verð frá 5.790.000 kr.
BMW X2 20d. Dísil, 190 hestöfl, xDrive – verð frá 6.590.000 kr.

Taktu eigin ákvarðanir og reynsluaktu BMW X2 í dag!

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Geymslur loguðu og ljóst að tjón er margvíslegt og mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Margir í áfalli eftir stórbruna


Bunurnar virtust mega sín lítils gegn vítislogum og tinnusvörtum reykmekkinum sem vofði yfir í Miðhrauni í gær. Slökkviliðsmenn og aðrir viðbragðsaðilar sem kallaðir voru á vettvang unnu þrekvirki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Slökkviliðsstjóri segir brunann í Miðhrauni líklega þann stærsta frá Skeifubrunanum 2014. Tjón er talið hlaupa á hundruðum milljóna og húsnæðið talið nær ónýtt. Leigjendur geymslurýma margir í áfalli.**

**BRUNI** „Þetta er gífurlegt áfall fyrir þessi fyrirtæki og einstaklinga sem áttu þarna margir dýrmæta hluti og annað í geymslunum. Þessi atburður snertir marga sem eru vafalaust að ganga í gegnum erfiða tíma,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins, um stórbrunann að Miðhrauni 4 í Garðabæ í gær. Atvinnuhúsnæðið er að verulegum hluta ónýtt og tjónið hleypur líklega á hundruðum milljóna króna.

Eldurinn kom upp um áttaleytið í gærmorgun og skíðlogaði í húsinu langt fram eftir degi. Allt tiltækt lið slökkviliðsmanna barðist hetjulega við eldtungur, reyk og erfiðar aðstæður langt fram eftir degi. Bruninn var erfiður viðureignar en slökkviliðið taldi sig fyrst hafa náð tökum á honum seinnipartinn. Mikinn og dökkan reykjarmökk lagði frá húsinu og yfir nærliggjandi byggð. Jón Viðar bjóst við að slökkvistarf stæði fram á nótt.

Á vettvangi hafði fljótt safnast saman fjöldi vegfarenda og fulltrúa fjölmiðla innan um tækjaflota viðbragðsaðila og allt tiltækt lið. Vegfarendur voru sumir þar fyrir forvitnissakir en á öðrum mátti greina örvæntingu og áhyggjur yfir persónulegum munum. Í húsinu var, auk lagers og starfsemi Icewear, fyrirtækið Geymslur sem leigir geymslupláss sem margir nýta undir eigur sínar og jafnvel búslóð. Eins og einn maður sem Fréttablaðið ræddi við á vettvangi.

„Líklega er það bara allt farið,“ sagði maðurinn sem baðst undan viðtali en upplýsti blaðamann um að hann stæði í flutningum og hefði leigt geymslu í húsinu undir búslóð sína fyrir um mánuði. Hann bar sig þó vel, í skugga tjónsins.

Á vettvangi, bak við lögregluborða sem girtu af hættusvæði, fylgdust fleiri með í von um fréttir af eigum sínum og hvort geymslurnar myndu sleppa. Eftir því sem á leið urðu líkurnar hverfandi.

„Ef ég á að vera alveg hreinskilinn við þig, myndi ég búast við því versta,“ sagði lögreglumaður við leigutaka hjá Geymslum sem bar að á hjóli snemma morguns og spurði frétta. Hann kvaðst eiga dót í geymslu, en varð frá að hverfa á hjóli sínu, út í óvissuna og reykmökkinn svarta.

Nafntogaðir einstaklingar á borð við tónlistarmennina Björgvin Halldórsson og Sigríði Beinteinsdóttur óttuðust sömuleiðis að verðmæti þeirra og eigur hefðu orðið eldinum að bráð, líkt og Fréttablaðið.is fjallaði um.

„Þetta er milljóna tjón fyrir mig,“ sagði Sigríður.

Aðspurður segir Jón Viðar brunann fara langt með að vera stærsti bruni sem hans fólk hafi tekist á við síðan í Skeifubrunanum sumarið 2014.

„Þó erfitt geti verið að meta stærð bruna, þá flokkast þessi klárlega sem stórbruni.“

Áhyggjufullum geymsluleigjendum var í gær ráðlagt að hafa sem fyrst samband við tryggingafélög sín. Engar tryggingar eru innifaldar í leiguverðinu hjá Geymslum en talsmaður Sjóvár sagði fjölskyldutryggingar almennt tryggja allt að 15 prósent af vátryggingarfjárhæð í brunatjónum utan heimilis. Brunaþungir fulltrúar tryggingafélaganna voru fljótt komnir á vettvang í Miðhrauni í gærmorgun til að rýna í tjónið.

Fasteignafélagið Reginn, sem á stærstan hluta Miðhrauns 4, sendi tilkynningu til Kauphallar í gær þess efnis að húsið væri líklega ónýtt en hefði ekki áhrif á afkomu hins skráða félags. Kom fram að brunabótamat eignarhluta þess væri um 700 milljónir. Heildartjónið kann því að vera mikið og telur Jón Viðar húsið ónýtt.

Lagerhluti þess í miðrýminu sé gjörónýtur. Suðurhluti hússins, sem hýsti geymslur, og norðurhluti, sem var skrifstofa, séu þó ekki eins illa farin.

„Þegar svona stór hluti hússins er þetta illa farinn þá er heildin líklega ónýt. Húsið er á það slæmum stað að viðgerð myndi aldrei borga sig.“

Meðan slökkvistarf stendur enn yfir á margt eftir að koma í ljós, þar á meðal eldsupptök. Hjá þeim sem bíða fregna af afdrifum eigna sinna í geymslurýmum, kann mesta tjónið að vera tilfinningalegs eðlis og því seint metið til fjár.

mikael@frettabladid.is


Óværan í reykhafinu. Húsnæðið er líklega ónýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

F Sjá nánar á Fréttablaðið+
Fleiri myndir af brunanum má sjá á PDF-útgáfu Fréttablaðsins eða í appinu.

VAKA
www.vakahf.is
RISA DEKKJAÚTSALA
Á NOTUÐUM DEKKJUM
HJÁ VÖKU, SKÚTUVOGI 8,
LAUGARDAGINN 7. APRÍL
MILLI KL. 10:00 OG 14:00

VAKA HF | Skútuvogi 8 | 104 Reykjavík | Sími: 567 6700 | vakahf.is




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is

## Atburðarásin sem deilt er um í málinu

**11. júní 2009** Hreiðar Már yfirheyrður af sérstökum saksóknara og hann upplýstur um að hann hafi réttarstöðu sakbornings.

**9. mars 2010** Farið fram á heimild til að hlera símtöl Hreiðars Más. Beiðni þar að lútandi var send til Héraðsdóms Vesturlands. Var það gert til að forðast að það læki út að verið væri að hlera síma Kaupþingsmanna. Starfsmenn dómstólsins eru þrír og eini dómari embættisins á þessum tíma var Benedikt Bogason, nú hæstaréttardómari. Allir hlerunarúrskurðir í málum sem vörðuðu Kaupþing voru kveðnir upp við dómstólinn en í öðrum málum var leitað til dómstóla á höfuðborgarsvæðinu.

„Það var rætt innan embættisins hvort þetta mætti þegar menn væru búnir að fá réttarstöðu sakbornings. Við vissum um tilvik þar sem þetta hafði komið upp og hlustun beitt án athugasemda," sagði Ólafur Þór Hauksson í gær.



Fundið var að því í dómi Hæstaréttar nr. 842/2014 í markaðsmisnotkunarmáli Landsbankans og „horft framhjá upptökunum við úrlausn málsins".

**29. mars 2010** Önnur hlerunarbeiðni lögð fram og samþykkt.

**21. apríl 2010** Þriðja hlerunarbeiðnin lögð fram og samþykkt.

**6. maí 2010** Hreiðar Már úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til 18. maí. Úrskurðurinn var kveðinn upp af Héraðsdómi Reykjavíkur. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar fjórum dögum síðar.

**12. maí 2010** Hulda Hákonardóttir, starfsmaður sérstaks saksóknara, sendir tölvupóst á Ólaf vegna símhlerunarbeiðni í öðru máli daginn eftir. Í viðhengi var að finna gögn sem vörðuðu málið. Í tölvupóstinum er síðan minnt á að heyra í Benedikt vegna framlengingar á símhlerun Hreiðars áður en gæsluvarðhald hans rennur út þann 18. maí.



**17. maí 2010** Hreiðari Má sleppt úr gæsluvarðhaldi degi fyrr. Farið var fram á heimild til símhlerunar fjórða sinni og kvað Benedikt upp úrskurðinn. Greinir aðila á um hvort það dómþing var haldið í Héraðsdómi Reykjavíkur eða hvort það hafi verið háð á heimili Benedikts við afbrigðilegar aðstæður.

**17. maí 2010 15.25** Björn Þorvaldsson sendir drög að upplýsingaskjali fyrir símhlustunarbeiðni til Ólafs.

**17. maí 2010 15.47** Ólafur Þór Hauksson áframsendir drögin til Benedikts Bogasonar. Þá hafði úrskurðurinn þegar verið kveðinn upp. Líklega til leiðréttingar að sögn Ólafs og Benedikts.

**17. maí 2010 15.51** Tæknideild lögreglunnar berst staðfesting frá fjarskiptafyrirtækjum um að byrjað sé að taka upp símtöl Hreiðars.

# Hreiðar Már vill tíu milljónir frá ríkinu

**Hreiðar Már Sigurðsson sneri vörn í sókn í héraðsdómi. Forstjórinn fyrrverandi telur að brotið hafi verið á sér við framkvæmd hlerana. Dómari hafnaði ásökunum um að hafa afhent úrskurðarorð áður en úrskurður lá fyrir. Tímasetningar tölvupósta gætu skipt sköpum.**

Jóhann Óli Eiðsson
joli@frettabladid.is





**Hreiðar Már sést hér ganga um dómsalinn áður en aðalmeðferðin hófst. Að baki honum sést lögmaður hans, Ólafur Eiríksson.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli sem er afkvæmi hrunsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Um er að ræða miskabótamál Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, gegn íslenska ríkinu. Í málinu gerir Hreiðar kröfu um tíu milljóna króna miskabætur vegna ólögmætra símhlerana. Byggir hann meðal annars á því að ranglega hafi verið staðið að uppkvaðningu úrskurðar um símhlerun og að það brjóti gegn réttindum einstaklings að hlera hann meðan hann hefur stöðu sakbornings.

Óhætt er að segja að málsaðilar hafi haft sætaskipti frá því sem vant hefur verið undanfarin ár. Hreiðar Már sat við hlið lögmanns síns í sæti sækjanda. Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari og fyrrverandi sérstakur saksóknari, og Björn Þorvaldsson saksóknari settust í sæti vitnis. Hið sama gerði hæstaréttardómarinn Benedikt Bogason.

Jón Óttar Ólafsson, fyrrverandi lögreglumaður hjá sérstökum saksóknara, gaf fyrstur skýrslu en hann hefur reglulega verið vitni í málum sérstaks saksóknara. Hefur hann áður lýst því sem vitni og í fjölmiðlum hvernig hann taldi pott brotinn við símhleranir embættisins.

Í gær lýsti hann atburðarás sem hann hefur áður sagt frá. Sagði hann að hann hefði verið á skrifstofu sinni þegar annar lögreglumaður, Bjarni Ólafur Ólafsson, kom til hans og sagði að upp hefði komið vandamál. Gleymst hefði að endurnýja hlerunarúrskurð gegn Hreiðari Má og þeir þyrftu að stökkva til dómara til að græja það.

„Ég hélt að við værum að fara niður í héraðsdóm en þess í stað förum við á heimili hans," sagði Jón Óttar. Þar hafi Benedikt Bogason tekið á móti þeim, kveikt á tölvunni og hafist handa við að skrifa úrskurðarorðið. Ekki hafi gefist tími til að skrifa úrskurð og forsendur hans í heild sinni. Að svo búnu hafi þeir rokið út og farið með úrskurðarorðið til tæknideildar lögreglunnar.

„Þegar ég er að fara í skóna á ný þá kemur Benedikt og spyr hvort hann fái ekki eitthvað frá saksóknara um þetta á eftir," sagði Jón Óttar.

### Notaði persónulegt póstfang

Benedikt gaf næstur skýrslu og hafnaði þessari frásögn alfarið. Hann viðhefði ekki slíkt verklag auk þess sem gögn staðfestu að hann hefði verið í dómhúsinu við Lækjartorg þennan dag. Þetta hafi verið fjórði úrskurðurinn þessa efnis og hann því þekkt málið. Sagði hann að þinghald hefði verið á Lækjartorgi fyrr um daginn en úrskurður ekki verið tilbúinn við lok þess. Því hefðu lögreglumennirnir komið og fengið úrskurðinn á heimili hans.

> **Þá hef ég ábyggilega sagt að rétt væri að gera þetta þann 17. maí því þann 18. er ég með reglulegt dómþing í Borgarnesi og málum hlaðinn.**
>
> Benedikt Bogason, hæstaréttardómari



„Ég man eftir að Bjarni, en hann kannaðist ég lítillega við, kom heim til að fá úrskurðinn. Það er af og frá að ég hafi skrifað úrskurðinn á staðnum," sagði Benedikt. Mundi hann ekki hvort hann afhenti mönnunum tveimur úrskurðinn í heild sinni eða úrskurðarorðið eingöngu enda átta ár frá atburðinum.

Aðspurður um verklagið sagði hann að alvanalegt hefði verið að saksóknari hefði hringt eða sent tölvupóst fyrir fram. Í þessu máli Hreiðars hefði hann kveðið upp þrjá hlerunarúrskurði á fyrri stigum og því hefði ekki verið þörf á að kynna sér málið sérstaklega á þessu stigi. Meðal gagna málsins var afrit af slíkum tölvupósti sem sendur var á persónulegt netfang Benedikts en ekki netfang hans hjá Héraðsdómi Vesturlands.

„Þegar ég var ekki á embættinu þá notaði ég mitt persónulega netfang þegar ég var ekki í Borgarnesi. Ég hefði vafalaust getað notað hitt en ég gerði það ekki. Það æxlaðist svona í þessu tilfelli," segir Benedikt.

Benedikt var spurður út í tölvupóst sem hann fékk sendan frá Ólafi eftir að hlerunarúrskurðurinn var kveðinn upp.

„Þetta skjal er ekki í samræmi við neinar aðrar beiðnir í öðrum málum og ég átta mig ekki á því," sagði Benedikt og leiddi að því líkur að mögulega hefði verið stefnt að því að leiðrétta einhvern annmarka. Lögmanni Hreiðars þótti undarlegt að slíkt skjal hefði verið sent þegar úrskurðurinn lá þegar fyrir.

Aðspurður um tölvupóst til Ólafs, frá Huldu Hákonardóttur, en þar kemur fram að Hreiðar átti að losna úr varðhaldi þann 18. maí, sagði Benedikt að sennilega hefði Ólafur heyrt í honum og fært þetta í tal við sig. „Þá hef ég ábyggilega sagt að rétt væri að gera þetta þann 17. maí því þann 18. er ég með reglulegt dómþing í Borgarnesi og málum hlaðinn. Líkindi standa til þess að ég hafi haft áhrif á að þetta var gert með þessum hætti á mánudeginum en ekki þriðjudeginum," sagði Benedikt.

### „Það er algjört kjaftæði"

Hinn lögreglumaðurinn, Bjarni Ólafur Ólafsson, gaf einnig skýrslu um atburði dagsins. Sagði hann að mikið hefði gengið á hjá embættinu þennan dag og því hefði hann verið sendur til að sækja úrskurðinn.

„Ég tók Jón Óttar með mér því hann var í sambandi við tæknideildina sem sér um að „hengja upp" hlustunina," sagði Bjarni.

Kannaðist hann ekki við frásögn Jóns. Þeir hefðu farið á heimili Benedikts, hann hefði tekið á móti þeim og afhent úrskurðinn í heild sinni auk svokallaðs „stimpilblaðs" sem hafði eingöngu úrskurðarorðið að geyma.

„Ég hef aldrei heyrt um það. Það er algjört kjaftæði," sagði Bjarni Ólafur aðspurður hvort úrskurðarorðið hefði fengist áður en úrskurðurinn sjálfur var kveðinn upp.

### Pósturinn til leiðréttingar

„Fyrsta hugsunin var að skýla aðgerðinni eins og unnt var og fyrirbyggja að upplýsingar lækju út. Því förum við ekki með beiðnina í Héraðsdóm Reykjavíkur heldur til Héraðsdóms Vesturlands þar sem hann er fámennari," sagði Ólafur Þór Hauksson aðspurður af Einari Karli Hallvarðssyni ríkislögmanni.

Ólafur sagði að þann 17. maí hefði hann mætt í þinghald við Héraðsdóm Vesturlands sem háð var í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur. Hann hefði haft með sér kröfu um símhlerun og útprentaða upplýsingaskýrslu.

„Síðan er þarna tölvupóstur [til Benedikts] síðar um daginn sem ég man ekki tildrögin að. Kann að vera að hann hafi verið sendur til að leiðrétta fyrirliggjandi beiðni," sagði Ólafur.

Meðal málsástæðna Hreiðars er að hlustað hafi verið á símtöl milli sakbornings og verjanda. Ólafur hafnaði að slíkt hefði gerst með þeim fyrirvara að eðli málsins samkvæmt hefði ekki legið fyrir við upphaf símtalsins hverjir ræddu saman. Hlustun hefði verið hætt þegar það lá fyrir. Þó mundi hann eftir tilviki, sem varðaði annan banka en Kaupþing, þar sem starfsmaður talaði um slíkt símtal á kaffistofunni.

„Við Benedikt ræddum málið þegar það kom upp og um gögnin en það höfum við ekki gert," sagði Ólafur inntur eftir því hvort hann og Benedikt hefðu samræmt framburð sinn.




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM

# Stórbruninn í Garðabæ

**Allt tiltækt slökkvi- og lögreglulið sinnti störfum í brunanum í iðnaðarhúsnæði við Miðhraun í gærmorgun. Mikill reykur myndaðist á vettvangi.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM




## e-Golf á betra verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

**Volkswagen e-Golf** dregur allt að 300 km* og er fyrsti rafmagnsbíllinn með hreyfistýrðu upplýsinga- og afþreyingarkerfi. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða týna honum á bílastæðinu. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann þinn sem fjarstýringu fyrir þinn e-Golf. Komdu í reynsluakstur og finndu kraftinn í þessum magnaða bíl sem gengur 100% fyrir rafmagni.

### e-Golf
**Leiðsögukerfi, rafhituð framrúða og varmadæla.**

Vistvænt verð
**3.950.000** kr.

### e-Golf Comfort
**Blindhornaviðvörun og bakkmyndavél.**

Vistvænt verð
**4.150.000** kr.

### e-Golf Premium
**Leðursæti, Dynaudio og bílastæðaaðstoð.**

Vistvænt verð
**4.490.000** kr.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

*Skv. NEDC staðlinum.

**Við látum framtíðina rætast.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Þúsund milljarðar



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Gallinn við efnahagsuppsveiflur er að þær vara ekki að eilífu. Stundum, eins og Íslendingar þekkja líklega þjóða best, enda þær með hvelli fremur en mjúkri lendingu í efnahagslífinu. Ný fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar grundvallast á hagspám sem gera ráð fyrir hinu síðara og að hagkerfið leiti í jafnvægi á komandi árum. Hagvöxtur verði hóflegur, verðbólga við markmið Seðlabankans og atvinnuleysi haldist áfram lítið. Þótt staða þjóðarbúsins hafi aldrei verið betri í lýðveldissögunni þá er hætt við því að þær spár, sem byggja á forsendum um eitt lengsta hagvaxtarskeið sem Íslendingar hafa upplifað, eigi eftir að reynast heldur bjartsýnar. Verði það reyndin gæti allt önnur og verri mynd snögglega blasað við ríkissjóði sem er í dag rekinn með minnsta mögulega fjárlagaafgangi.

Fátt kemur mjög á óvart í fjármálaáætluninni. Hún ber þessi merki að vera málamiðlun þriggja flokka sem spanna allt pólitíska litrófið – og reynt er að koma til móts við helstu áherslur allra þeirra. Ein birtingarmynd þessa er að ríkisútgjöld munu aukast um tugi milljarða á ári og áætlað er að heildarútgjöldin verði yfir þúsund milljarðar 2023. Lítið fer fyrir viðleitni í þá veru að snúa af þeirri braut að Ísland sé fest í sessi sem háskattaríki og umsvif hins opinbera verða áfram ein þau mestu á meðal OECD-ríkja.

Margt ágætt er auðvitað í fjármálaáætluninni. Til stendur að lækka tekjuskatt einstaklinga, tryggingagjald verður lækkað um 0,25 prósentur 2019 og breytingar gerðar á fjármagnstekjuskatti þannig að aðeins raunávöxtun fjármagnstekna verði skattlögð. Stjórnvöld áforma einnig að feta í fótspor annarra ríkja sem hafa afnumið þak á endurgreiðslur vegna kostnaðar við rannsóknir og þróun með það að markmiði að örva nýsköpun. Þá stendur til að ráðast í stórfelldar innviðafjárfestingar, ekki hvað síst í samgöngu- og fjarskiptamálum. Þeirri stefnumörkun ber að fagna en þar mun sömuleiðis þurfa að koma til aðkoma einkaaðila til að sinna gríðarlegri uppsafnaðri fjárfestingarþörf í innviðum. Slíkar fjárfestingar leggja grunn að hagvexti framtíðarinnar enda haldast öflugir innviðir í hendur við samkeppnishæfni hverrar þjóðar.

Stóra myndin þegar rýnt er í fjármálaáætlunina er hins vegar þessi. Það er áhyggjuefni hversu lítið hefur verið gert á síðustu árum, samtímis fordæmalausum uppgangstímum sem hafa skilað sér í stórauknum tekjum til ríkissjóðs, til að leggja meiri áherslu á hagræðingu og betri nýtingu á þeim fjármunum sem verið er að hinu opinbera. Aukin ríkisútgjöld, hvort sem þau eru til heilbrigðis- eða menntamála, eru ekki ávallt sjálfkrafa besti mælikvarðinn á árangur. Tekjustofnar ríkisins eru í dag þandir til hins ýtrasta. Tímabundnar aðgerðir eftir fjármálahrunið, meðal annars hækkun tryggingagjalds og hinn sérstaki bankaskattur, skila þannig orðið það miklum tekjum í ríkissjóð að stjórnvöld hafa reynst ófús að standa við fyrri loforð um að afnema þær skattahækkanir sökum þess hversu lítill afgangur er af rekstri ríkisins. Þeir skattar, frekar en aðrir, verða alveg örugglega ekki lækkaðir í næstu niðursveiflu.

Það hlýtur því að vera einhvers konar tilraun til gamanmála þegar Samfylkingin heldur því fram að í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar birtist hægri stefna. Um þá yfirlýsingu má það eitt segja að óskandi væri að hún endurspeglaði raunveruleikann. Því fer hins vegar fjarri.

> **Það hlýtur því að vera til gamanmála þegar Samfylkingin heldur því fram að í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar birtist hægri stefna.**

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi
sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

## Halldór




## Frá degi til dags

**Katrín og gjöfin**

**Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kom færandi hendi á ársfund Seðlabanka Íslands í gær og færði bankanum sparibauk úr sinni eigu. Sannarlega fallega gert af ráðherra. Það er líka fagnaðarefni og örugglega mjög sjaldgæft að stjórnmálamaður útdeili gjöfum á eigin kostnað. Flesta aðra daga fást þeir nefnilega mest við að útdeila peningum á kostnað okkar hinna, skattgreiðendanna. Sennilegast er þess þó langt að bíða að Katrín, eða nokkur annar stjórnmálamaður, geri tillögu bandaríska hagfræðingsins Miltons Friedman að sinni. En hann sagði: Þú skalt ekki gera góðverk þín á kostnað annarra.**

**Uppgjafapólitíkus**

**„Ég er ekki að hætta í neinu fússi. Ég er bara ekki lengur á sömu vegferð og flokkurinn og mér tókst ekki að finna leiðir til að fá tækifæri til að nýta reynslu mína innan flokksins og þá er bara langheilbrigðast að hverfa frá,“ segir Birgitta Jónsdóttir, einu sinni Pírati sem er hætt í flokknum. Hætti víst fyrir löngu að eigin sögn. Segir hún að engin leið sé til að breyta gerspilltu kerfinu nema breyta Sjálfstæðisflokknum fyrst. Ef orðið uppgjafapólitíkus á einhvern tímann við þá er það nú.**

joli@frettabladid.is

# Enn ein heimsskýrslan



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður VG

Smám saman hafa greinar og skýrslur vísindamanna og alþjóðasamtaka um stöðu umhverfismála heims haft tilætluð áhrif. Þvert ofan í afneitun og samsæriskenningar sýna víðtækar rannsóknir fram á margþættan vanda og lausnir á honum. Of mikið álag á lofthjúpinn, vegna losunar efna, álag á skóglendi og annað í jurtaríkinu, á lifandi verur, sjóinn, efnaauðlindir og orkugjafa er tekið að valda æ meiri kostnaði miðað við afrakstur, æ meiri skorti íbúa á risastórum landsvæðum og æ meiri mengun. Hún veldur jafnt heilsutjóni sem hækkandi lofthita með afleiðingum á borð við hækkun sjávarborðs og súrnun hafsins.

Tilraunum til að kenna náttúrunni einni um ástandið fækkar en jafnt stórveldi sem flest stórfyrirtæki streitast við að horfa fremur á hagnað sinn en kostnaðinn sem við blasir. Í heildina vinna þó grænu gildin á. Sem betur fer.

Ný skýrsla eftir þriggja ára vinnu yfir 100 sérfræðinga 45 landa var lögð fram á fundi IPBES í Kólumbíu; samtaka 129 þjóða um líffræðilega fjölbreytni og virk vistkerfi. Heimilda var aflað hjá yfir 3.000 vísindamönnum, opinberum stofnunum og staðbundnum aðilum. Um 7.300 aðilar unnu umsagnir og 200 ritrýnendur lögðu sitt fram. Meginniðurstaðan: Landskemmdir vegna mannlegrar virkni grafa alvarlega undan lífsbjörg og heilsu 40% mannkyns (3,2 milljarða manna), ýta undir útdauða lífvera og undir frekari hlýnun loftslagsins. Þetta veldur hægt vaxandi búferlaflutningum. Eftir 30 ár verða milljónir manna á flótta frá eyddum eða skemmdum vistkerfum. Nú þegar kosta skemmdirnar heimsbyggðina yfir 10% þeirra verðmæta sem framleidd eru í veröldinni. Um 87% alls votlendis hafa glatast, eyðimerkur stækka og visthæft skóglendi minnkar um tugþúsundir ferkílómetra á ári. Innan við fjórðungur vistkerfa á þurrlendi jarðar hefur sloppið við verulegar skerðingar og þau falla í 10% árið 2050 ef fram heldur sem horfir.

Skýrslan bendir á helstu leiðir til að endurheimta vænleg búsetuskilyrði og minnir á að við höfum öll verk að vinna. Skilningi eiga að fylgja gjörðir.

> **Eftir 30 ár verða milljónir manna á flótta frá eyddum eða skemmdum vistkerfum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Skrifræði og ostasorg

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Fyrir nokkrum árum varð ég fyrir því minniháttar óláni að skilja við mig litla myndavél á safni í Bandaríkjunum. Það var þó huggun harmi gegn að ég var mjög fljótur að átta mig á því að ég hafði orðið viðskila við myndavélina og sneri aftur að staðnum, þar sem ég hafði fengið mér sæti stuttu áður. Ofurtrú mín á mannkyninu gerði ekki ráð fyrir öðru en að hún lægi þar ennþá.

En myndavélin var ekki þar sem ég hélt að ég hefði skilið hana eftir. Ég var því mjög fljótur að draga þá ályktun að einhver góðviljaður gestur eða samviskusamur starfsmaður hefði á þessum örfáu mínútum áttað sig á óhappinu og ákveðið að koma myndavélinni minni á öruggan stað svo ég gæti sótt hana við hentugleika.

Þannig að ég fór næst á upplýsingaborðið þar sem hjálplegur og vingjarnlegur starfsmaður sýndi angist minni algjöra samúð, hringdi í „tapað fundið“ og þuldi upp lýsingu mína á myndavélinni. Hann rétti svo upp þumalinn, brosti breitt og sagði mér þegar hann lagði tólið á, að myndavélin mín væri svo sannarlega komin til skila og ég gæti farið og sótt hana. Góðar fréttir.

**Myndavél í varðhaldi**

Þegar komið var á skrifstofu „tapað fundið“ endurtók hjálplegi starfsmaðurinn fyrir samstarfsmanneskju sinni, þeirri sem var falin ábyrgð á öllu því sem hafði glatast en fundist á ný, að hér væri maðurinn sem varð viðskila við myndavélina sína og hvort hún vildi vera svo elskuleg að finna hana til. Valdhafi tapaðs og fundins tók ábyrgð sína alvarlega og virtist ekki finnast það vera neitt sérstakt gleðiefni að geta leyst hratt og greiðlega úr vandanum. Þess í stað rétti valdhafinn fram eyðublað þar sem ég var beðinn að gefa yfirlýsingu um hvaða hlut ég hefði glatað og sverja og sárt við leggja að hluturinn væri eign mín. Þar með gæti gæslumaðurinn afhent mér myndavélina mína gegn skjalfestri sönnun á því að öllum verkferlum hefði verið framfylgt að fullu.

Eftir að valdhafinn, sem nú virtist vera orðinn ótvíræður forsjáraðili yfir myndavélinni minni, hafði gaumgæft skýrsluna var beðið um skilríki.

Ég sagði að ég væri ekki með neitt á mér nema íslenskt greiðslukort, sem væri reyndar þeim góða kosti búið, að á því er mynd. Þetta dugði ekki. Hinn nýi umráðamaður myndavélarinnar hafði skýr fyrirmæli um að afhenda engum eigur sínar nema gegn fullnægjandi framvísun löglegra skilríkja, sem í mínu tilviki sem útlendingur gat ekki verið annað heldur en vegabréf. Vondar fréttir.

**Tölvan segir „nei“**

Vegabréfið var á hótelinu í hinum enda borgarinnar og það tæki mig nokkra klukkutíma að komast aftur í safnið með vegabréfið—og þá klukkutíma hafði ég ekki því ég átti flug heim síðar um daginn.

Þá datt mér í hug snjallræði sem mér fannst svo augljóslega leysa málið að það hlyti að vera úr sögunni. „Heyrðu, kveiktu bara á myndavélinni, og þá geturðu séð myndir af ferðafélaga mínum sem stendur hérna við hlið mér, og myndir af okkur saman líka, og börnunum mínum og meira að segja mér sjálfum.“ Þetta fannst mér að hlyti að duga til þess að sannfæra forsjármanneskjuna um að það væri „beyond all reasonable doubt“ satt hjá mér að vélin væri mín. Engum gæti dottið í hug að álasa henni fyrir að afhenda myndavélina.

Þótt myndavélin væri af þeirri gerð sem ég lýsti, hefði fundist á þeim stað sem ég sagði, að á henni væru myndir af mér og ég gæti sýnt kreditkort með mynd af þeim sama sjálfum mér, þá dugði það ekki til. Hlutverk starfsmannsins var svo sannarlega ekki að leysa vandamál heldur að framfylgja reglunum.

Sem betur fer stóð velviljaði starfsmaðurinn ennþá hjá okkur og fylgdist með. Sá var umtalsvert vingjarnlegri og yfirvegaðri en ég og gat því gripið í taumana áður en fas mitt breyttist úr almennri undrun, yfir í aðgangsharða reiði eða stjórnlausa bræði. Með aðdáunarverðri lagni tókst honum að sannfæra kollega sinn um að afhenda mér myndavélina mína, gegn loforði um að hann tæki alla ábyrgð á þessu kæruleysislega athæfi ef einhvern tímann síðar þyrfti að standa skil á því við yfirboðara þeirra beggja á safninu.

Mér varð hugsað til þessarar upplifunar nú í vikunni þegar í ljós kom að enginn stjórnmála- eða embættismaður hafði átt frumkvæði að því að lagfæra löggjöf til samræmis við skýran vilja Alþingis um aukið frelsi til innflutnings á útlenskum osti. Fyrir vikið er líklegt að framboð á osti verði mun minna en verslanir gerðu ráð fyrir, og líklega lenda sumar þeirra í vandræðum gagnvart birgjum ef pantanirnar reynast óáreiðanlegar. Það virðist nefnilega ekki vera sérstakt markmið hjá embættismönnum sem fjalla um landbúnaðarmál að leyfa Íslendingum að njóta osta. Þótt hagsmunir neytenda megi heita augljósir, og enginn vafi hafi leikið á vilja Alþingis, þá lætur „kerfið“ ekki hafa sig svo glatt út í þær gönur að fara að leysa greiðlega úr málum sem einhver von er til að flækja enn frekar og tefja.



FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Fimir fimleikakappar taka Laugardalshöllina yfir um helgina



**Farið á fullu flugi** Íslandsmótið í fimleikum fer fram í Laugardalshöll um helgina en keppni hófst í gærkvöldi. Hér sést ung sveit Stjörnunnar reyna við æfingu á dýnunni undir vökulum augum þjálfarans. Keppni í hópfimleikum fór fram í gær en mótinu lýkur á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ætlum að vera í bílstjórasætinu

**Stelpurnar okkar mæta Slóveníu í undankeppni HM ytra í dag. Mikil eftirvænting er í hópnum að sögn þjálfarans.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir Slóveníu ytra klukkan 15.00 í dag í undankeppni HM 2019 sem fer fram í Frakklandi. Verður þetta í 5. sinn sem þessi lið mætast í A-landsleik en Slóvenar hafa aðeins unnið einn þeirra, fyrir ellefu árum. Í undankeppninni fyrir EM 2017 mættust liðin tvívegis og vann Ísland 6-0 sigur á vellinum sem leikurinn fer fram á. Eiga Stelpurnar okkar því góðar minningar þaðan.

### Hungur í hópnum

Freyr Alexandersson, þjálfari landsliðsins, fann fyrir mikilli spennu hjá hópnum að hefja leik, ekki aðeins hjá þeim sem leika á Íslandi, en hópurinn hefur beðið í eftirvæntingu allt frá síðasta keppnisleik í lok október.

„Undirbúningurinn hefur gengið vel, það eru allar klárar og ég finn fyrir miklu hungri að byrja aftur í þessari undankeppni. Við vildum helst spila næsta leik strax síðasta haust. Það er mikil eftirvænting að þetta sé að fara aftur af stað eftir fimm mánaða hlé.“

Freyr sagði að upplegg Slóvena hefði ekki breyst á þessum þremur árum síðan liðin mættust á sama velli.

„Það eru ekki margar breytingar, þær eru með sterkt varnarlið sem spilar góða pressu og við vitum hvað þarf til. Markvarslan er ennþá vandamál hjá þeim og við ætlum okkur að nýta okkur það. Þær eru sterkar í skyndisóknum og föstum leikatriðum en við vitum af því og ætlum að reyna að loka á það,“ sagði Freyr og bætti við:

„Síðast náðum við að brjóta þær niður með tveimur mörkum strax í upphafi, þá þurftu þær að færa sig framar og við gátum nýtt okkur veikleikana í varnarlínu þeirra.“



**Harpa er komin aftur inn í íslenska landsliðið.**

### Fögnum því að fá Hörpu aftur

Freyr tók því fagnandi að fá Hörpu Þorsteinsdóttur aftur inn í hópinn en hún hefur skorað átján mörk fyrir íslenska landsliðið, þar af tvö í 6-0 sigrinum á Slóveníu árið 2015.

„Það yrði mikill kostur að skora snemma í leiknum en við gerum það sem þarf til að fá stigin þrjú. Það er frábært að fá Hörpu aftur inn í liðið, við fögnum því að sjá hana. Við áttum ekki í vandræðum með að skora í lokaleikjum undankeppni Evrópumótsins en meiðsli og fjarvera lykilmanna gerðu okkur erfitt fyrir að skora í æfingarleikjum undanfarið.“

Freyr sagði hópinn vera ákveðinn í að taka fullt hús stiga í næstu þremur leikjum og hafa örlögin í eigin höndum í lokalandsleikjahléinu gegn Tékklandi og Þýskalandi.

„Við ætlum okkur að komast í bílstjórasætið í riðlinum og spila úrslitaleiki næsta haust. Við gerum þá kröfu til okkar að ná í þrjú stig í dag. Ef við klárum okkar leiki verðum við í bílstjórasætinu í haust,“ sagði Freyr að lokum. **kristinnpall@frettabladid.is**






## Nýjast

### Domino's-deild karla, undanúrslit

**Haukar - KR 76-67**

**Haukar:** Haukur Óskarsson 15, Paul A. Jones 15, Finnur Atli Magnússon 13, Kári Jónsson 12, Kristján Leifur Sverrisson 9, Emil Barja 6, Hjálmar Stefánsson 4, Breki Gylfason 2.
**KR:** Björn Kristjánsson 17, Kristófer Acox 13, Pavel Ermolinskij 12, Darri Hilmarsson 9, Kendall Pollard 9, Helgi Már Magnússon 5, Arnór Hermannsson 2.

*Staðan er 1-0 í einvíginu fyrir Hauka.*

### Olís-deild kvenna, undanúrslit

**ÍBV - Fram 23-20**

**ÍBV:** Sandra Dís Sigurðardóttir 6, Ester Óskarsdóttir 6, Asun Batista 4, Sandra Erlingsdóttir 3, Greta Kavaliauskaite 3, Kristrún Hlynsdóttir 1..
**Fram:** Marthe Sördal 4, Ragnheiður Júlíusdóttir 4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Karen Knútsdóttir 2, Steinunn Björnsdóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 1.

*Staðan í einvíginu er jöfn 1-1.*

### Gulldeildin í handbolta

**Noregur - Ísland 31-29**

**Ísland:** Arnór Þór Gunnarsson 8, Ómar Ingi Magnússon 4, Haukur Þrastarson 3, Aron Pálmarsson 3, Arnar Freyr Arnarsson 3, Elvar Örn Jónsson 2, Ragnar Jóhannsson 2, Vignir Svavarsson 2, Daníel Þór Ingason 1, Stefán Rafn Sigurmannsson 1.

## Meistarinn setti fimm í vatnið

**GOLF** Spænski kylfingurinn Sergio Garcia, sem hefur titil að verja á Masters-mótinu, vill eflaust gleyma gærdeginum sem fyrst. Á hann engan möguleika á að verja titilinn eftir að hafa sett fimm bolta ofan í vatnið á sömu brautinni.

Var þetta á 15. braut en innáhöggið rataði í vatnið við flötina fimm skipti í röð. Lauk hann holunni á þrettán höggum og jafnaði metin yfir flest högg á einni holu í 82 ára sögu Masters-mótsins. **– kpt**

## Margt jákvætt þrátt fyrir tap

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska landsliðsins í handbolta, var sáttur við spilamennskuna þrátt fyrir tveggja marka tap gegn Noregi í gær. Hann hrósaði ungum leikmönnum liðsins fyrir að halda haus og að standa í einu af bestu liðum heims.

„Ég er þrátt fyrir tapið sáttur við úrslitin, við töpum með tveimur mörkum á útivelli gegn frábæru liði. Sóknarleikurinn var lengst af frábær þó að við hefðum mátt fara betur með dauðafærin.“

Íslenska liðið lenti í vandræðum með brottvísanir í varnarleiknum. „Á köflum spilum við frábæra vörn en við fáum á okkur of mörg ódýr mörk. Það var margt jákvætt í þessum leik en líka margt sem má bæta. Þeir gáfust aldrei upp en þetta var eitthvað til að byggja á.“ **– kpt**



**Guðmundur Guðmundsson**

# GOTT Á GRILLIÐ

JARÐARBER
992.- 1 KG.

RISA RISA RISA 360GR TOBLERONE 485.- 1PK.

NÝTT!

LAMBALÆRIS GRILLSNEIÐAR SÉRKRYDDAÐAR
1.285.- KG.

LAMBALÆRI SÉRKRYDDAÐ
1.285.- KG.

LAMBA BÓGUR SÉRKRYDDAÐUR
998.- KG.

BÖKUNARKARTÖFLUR
98.- KG.

HANGIKJÖT NIÐURSAGAÐUR FRAMPARTUR
998.- KG.

REYKTIR OG SALTAÐIR GRÍSASKANKAR
598.- KG.

NÝTT Á ÍSLANDI

REMA 1000

ÓDÝR GÓÐ VARA

VÍÐIR

GARÐATORGI, HRINGBRAUT, SKEIFUNNI & BORGARTÚNI

VÍÐIR express INGÓLFSTRÆTI



Elsku maðurinn minn,
pabbi okkar, sonur, bróðir,
tengdasonur, mágur og barnabarn,

**Ágúst Ásgeirsson**
Kirkjubæjarbraut 9,
Vestmannaeyjum,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 6. apríl 2018 kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning fyrir konu hans og börn, banki: 140-26-16037, kt. 160379-3599.

**Katrín Sólveig Sigmarsdóttir**
**Eydís Líf** — **Sigurður Elí**
**Tristan Flóki** — **Viktor Kári**
**Hafdís María** — **Darri Hrafn**
**María Bjarnadóttir** — **Gunnar Marteinsson**
**Ásgeir Þór Árnason** — **Karlotta Finnsdóttir**
**Hafdís Hlöðversdóttir** — **Sigmar Teitsson**
**Ásgeir Bjarni Ásgeirsson**
**Hanna Bryndís Heimisdóttir**
**Helga Rún Heimisdóttir** — **Árni Brynjar Dagsson**
**Elísabet Ósk Ásgeirsdóttir** — **Hrafn Viðarsson**
**Guðný Sæbjörg Ásgeirsdóttir** — **Ómar Sigurðsson**
**Ásdís Ásgeirsdóttir**
**Afi Bjarni**
**Amma Dísa**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Ástkær

**Mariann Zetterström Hansen**
sem lést á heimili sínu,
Hátúni 12, 31. mars sl.,

verður jarðsungin frá Laugarneskirkju
mánudaginn 9. apríl kl. 15.

**Ann Mari Hansen**
**Skúli Hansen**
**María Vilhjálmsdóttir**
**Arnar Vilhjálmsson**
**fjölskylda og vinir.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sif Edith S. Jóhannesdóttir**
Illugagötu 5,
Vestmannaeyjum,

lést þriðjudaginn 3. apríl á
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
í Vestmannaeyjum.

**Magnús Guðjónsson**
**Jón Grétar Magnússon** — **Guðrún I. Gylfadóttir**
**Jóhanna Elísa Magnúsdóttir** — **Karl Logason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Steingrímur Jónsson**
Helgafelli, Stokkseyri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Selfossi sunnudaginn 1. apríl.
Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju
þriðjudaginn 10. apríl kl. 14.00.

**Oddný Steingrímsdóttir** — **Hinrik Árnason**
**Guðleif Steingrímsdóttir** — **Jón Haraldsson**
**Anna Steingrímsdóttir** — **Nikulás Ívarsson**
**Marteinn Ariliusson** — **Sigríður Birgisdóttir**
**Óskar Ariliusson** — **Þórhildur Ingvadóttir**
**Linda Ariliusdóttir** — **Skarphéðinn Ómarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# 200 krakkar fræðast um það sem snertir þau í daglegu lífi

**Ungmennaráð Breiðholts hefur að undanförnu unnið að því að skipuleggja málþing fyrir ungmenni í 8.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Um 200 krakkar munu hlýða á fyrirlestra og sitja svo í umræðuhópum þar sem þeir geta komið skoðunum sínum á framfæri.**

Sjúk ást hefur náð vel til menntaskólanna en ekki jafn vel inn í grunnskóla. Grunnskólakrakkar vita lítið um óheilbrigð samskipti og sambönd og annað slíkt,“ segir Sif Ómarsdóttir, forstöðumaður Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs í Breiðholti, en Ungmennaráð Breiðholts hefur seinustu mánuði unnið hörðum höndum að því að skipuleggja málþing fyrir ungmenni í 8.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur.

Á málþinginu verður fjallað um muninn á heilbrigðum og óheilbrigðum samböndum, kynferðislega áreitni og óheilbrigð samskipti á netinu. „Allt eru þetta mikilvæg málefni sem snerta ungmenni í daglegu lífi og finnst Sif mikilvægt að krakkarnir taki þátt í umræðum um þau.

Á málþinginu verða þrír fyrirlestrar og umræðuhópar eftir hvern fyrirlestur. Fyrst mun Steinunn, fulltrúi frá Stígamótum, fjalla um óheilbrigð sambönd.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir mun síðan fjalla um kynferðislega áreitni. Að lokum ræða Kári og Andrea um samskipti á netinu undir yfirskriftinni Fokk me – Fokk you. „Krakkarnir eru að fá typpamyndir og fatta ekkert endilega að það sé kynferðisleg áreitni. Þetta er til að börnin læri um hegðun á netinu, geri sér grein fyrir hvað þau eru að gera,“ segir Sif.

Þessi umræða er gríðarlega þörf sem þarf að vekja athygli á og ekki úr vegi að fjalla um í framhaldi af byltingunum #metoo og #sjúkást á samfélagsmiðlum. Allir þurfa að vera meðvitaðir um hvar mörkin liggja, hvað teljist til samþykkis, hvert hægt sé að leita og svo mætti lengi telja, segir meðal annars í kynningu á málþinginu.

Það er ekki á hverjum degi sem fulltrúar frá mörgum skólum í Reykjavík hittast og taka þátt í mikilvægum umræðum á sameiginlegum vettvangi. „Við buðum öllum grunnskólum í Reykjavík, 10-15 krökkum úr 8.-10. bekk, á þingið. Auðvitað svara því ekki allir. Í staðinn buðum við fleirum úr Breiðholti þannig að það má búast við 200 unglingum á þinginu,“ segir Sif en Ungmennaráðið fékk styrk frá Reykjavíkurráði ungmenna til að halda málþingið. **benediktboas@365.is**



**Sif Ómarsdóttir, forstöðumaður Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, segir mikilvægt að raddir ungs fólks heyrist. Ráðstefna ungs fólks er í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Krakkarnir eru að fá typpamyndir og fatta ekkert endilega að það sé kynferðisleg áreitni. Þetta er til að börnin læri um hegðun á netinu, geri sér grein fyrir hvað þau eru að gera.



†

Ástkær sambýlismaður minn, faðir,
stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi
og langalangafi,

**Sigurbjörn H. Ólafsson**
fv. stýrimaður,
Ásbraut 13, Kópavogi,

lést í faðmi ástvina á Landakoti, 4. apríl.
Útförin auglýst síðar.

**Sigurlaug Sigurðardóttir**
**Ómar Sigurbjörnsson** — **Kenný Aðalheiður**
**Heiðar Sigurbjörnsson** — **Rósa Björk Högnadóttir**
**Oddur F. Sigurbjörnsson** — **Unnur Runólfsdóttir**
**Sigurður Þorsteinsson** — **Sigurborg Sigurðardóttir**
**Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir**
**Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir** — **Pétur Már Ólafsson**
**Ólafur Þór Þorsteinsson**
**börn, barnabörn, langafabörn og langalangafabarn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug við andlát
og útför elskulegs sonar okkar,
bróður og mágs,

**Bjarna Þórs Pálmasonar**
sem lést á Landspítalanum 11. mars sl.

Sérstakar þakkir eru til vina hans
í Hinu húsinu.

**Pálmi Kristinsson** — **Salome Tynes**
**Hjalti Þór Pálmason** — **Ingunn Agnes Kro**
**Elísabet Pálmadóttir** — **Grétar Már Pálsson**
**Ágúst Ottó Pálmason**
**Birna Lind Pálmadóttir**



†

Ástkær móðir mín,
dóttir okkar, systir, mágkona,
barnsmóðir og móðursystir,

**Erla Sigríður Hallgrímsdóttir**
félagsráðgjafi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
mánudaginn 2. apríl síðastliðinn.

**Helga Júlíana Jónsdóttir**
**Guðríður J. Guðmundsd.** — **Hallgrímur Hallgrímsson**
**Elín Hallgrímsdóttir** — **Steinn Guðmundsson**
**Berglind Hallgrímsdóttir** — **Helgi Skúli Friðriksson**
**Guðmundur S. Hallgrímsson**
**Jón Bjarni Magnússon**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Örn Pálsson**
Strandvegi 13, Garðabæ,

lést á nýrnadeild Landspítalans 2. apríl.
Blóm og kransar vinsamlegast
afþakkaðir.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á
styrktarsjóð Félags nýrnasjúkra, www.nyra.is,
reikn. 0334-26-001558, kt. 670387-1279.
Útförin fer fram mánudaginn 9. apríl
klukkan 13 frá Bústaðakirkju.

**Margrét Haraldsdóttir**
**Auður Arnardóttir** — **Ingi Rafn Össurarson**
**Valdís Arnardóttir** — **Þorlákur Runólfsson**
**Haraldur Arnarson** — **Erla María Andrésdóttir**
**og barnabörn.**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 6. APRÍL 2018



Rúm hálf öld er síðan fyrsta tölvan barst sjóleiðina til landsins. Saga tölvuvæðingar á Íslandi síðustu fimm áratugi er rakin í nýrri bók Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

•›4



## Körfuboltinn úti eftir fyrstu kóræfingu

Tónlistarkonan Guðný Gígja Skjaldardóttir lærði á gítar af YouTube. Hún stefndi á atvinnumennsku í körfubolta en tónlistin hafði betur. Gígja skipar dúettinn Ylju ásamt Bjartey Sveinsdóttur og vinnur að nýrri plötu sem kemur út í sumar. •›2

Guðný Gígja Skjaldardóttir vinnur að nýrri plötu sem kemur út í sumar en hún skipar dúettinn Ylju ásamt Bjartey Sveinsdóttur. MYND/ERNIR



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Ég er af „how to“ kynslóðinni. Keypti mér bara gamlan gítar og lærði á hann af YouTube. Ég var samt mjög dugleg að æfa mig og með blóðuga fingur náði ég Gamla Nóa í einu hádegishléinu í Flensborg. Þetta var á sama tíma og ég byrjaði í kórnum. Þar hitti ég Bjarteyju og við byrjum að spila saman. Þessi fyrsta kóræfing hefur litað líf mitt,“ segir Guðný Gígja Skjaldardóttir tónlistarkona en hún skipar dúettinn Ylju ásamt vinkonu sinni, Bjarteyju Sveinsdóttur. Þær hafa spilað og sungið saman í áratug og eru afar samrýndar. Nú vinna þær að nýrri plötu.

„Við Bjartey bjuggum meira að segja saman í þrjú ár og um tíma í sama herbergi. Við notuðum sama fataskápinn, unnum saman og gerðum allt saman. Ég mæli samt ekkert sérstaklega með því fyrirkomulagi til lengdar,“ segir Gígja en ekki virðist hafa slest upp á vinskapinn við sambúðina. Nýja platan á að koma út í sumar, þjóðlagaplata með gömlum íslenskum lögum sem þær útsetja.

„Það er vel við hæfi að við sækjum aftur í þjóðlögin sem við vorum að syngja saman í kórnum í Flensborg. Svo áttuðum við okkur líka á því að það eru heil tíu ár síðan við förum að spila saman. Okkur fannst því passa vel að við gæfum út plötu í ár,“ segir Gígja. „Við höfum alltaf tekið þjóðlög inn á milli þegar við erum tvær að spila og erum til dæmis miklir aðdáendur fimmundarsöngs. Það er sérstaklega gaman að syngja hann fyrir útlendinga, það vekur alltaf lukku.“



Gígja með drenginn sinn, Úlf. „Hann er mikill rútínumaður svo við vitum hvenær hann er sofandi og hvenær hann er í það góðum gír að hann nennir að hlusta á okkur æfa.“ MYND/ERNIR

### Daglúrarnir æfingatíminn

Þetta verður þriðja plata þeirra Gígju og Bjarteyjar. Sú fyrsta kom út 2012 og önnur tveimur árum síðar. „Við vorum með frumsamið efni á fyrstu plötunni og árið 2014 vorum við orðin fullt band og tónlistin þyngri og textarnir á ensku. Nú förum við Bjartey til baka í þjóðlögin. Við erum á leið í stúdíó núna, mjög spenntar og nýtum tímann vel,“ segir Gígja en æfingar fara fram í stofunni heima hjá henni, meðan fjögurra mánaða sonur hennar, Úlfur, fær sér lúr.

„Hann er mikill rútínumaður svo við vitum hvenær hann er sofandi og hvenær hann er í það góðum gír að hann nennir að hlusta á okkur æfa. Þetta er bara mjög heimilislegt, Bjartey kemur heim til mín og við æfum í stofunni. Við tökum allt upp á símann og inn á upptökurnar slæðast alls kyns óvænt aukahljóð frá Úlfi. Spurning hvort þau fái bara að fljóta með á plötuna,“ segir Gígja.

Úlfur er hennar fyrsta barn en kærastinn, Einar Óskar Sigurðsson, á tvö börn fyrir. „Aðra hverja viku er ég því þriggja barna móðir og brjálað að gera,“ segir hún hress og viðurkennir að vera mikil fjölskyldumanneskja. „Einar myndi segja það mitt helsta karaktereinkenni hvað ég er fjölskyldurækin,“ segir Gígja sem sjálf er miðjubarn af þremur systkinum. „Ég á eldri systur og yngri bróður og við erum öll miklir vinir.“

### Stefndi á atvinnumennsku í körfubolta

Gígja ólst upp á Patreksfirði og lýsir sjálfri sér sem glaðværum krakka og fyrirmyndarunglingi Hún stundaði íþróttir af kappi, stefndi á atvinnumennsku í körfubolta og komst í unglingalandsliðið. „Ég var mjög metnaðarfull í öllu sem ég tók mér fyrir hendur, gekk vel í skólanum og vildi standa mig upp á tíu. Þegar ég komst í landsliðsúrtakið í körfunni var ég í miðjum samræmdu prófunum en það gekk allt upp. Ef ég ætlaði mér eitthvað þá gerði ég það,“ segir Gígja. Tónlistin hafi þó kraumað undir niðri þó körfuboltinn hafi haft yfirhöndina framan af.

### Kríaði út píanótíma hjá organistanum

„Ég var alltaf tónelskt barn en á þeim tíma var ekki mikið tónlistarlíf í boði á Patreksfirði. Ekki eins og í dag. Í 9. bekk tók ég því málin í mínar hendur, hringdi í fyrrverandi organistann í kirkjunni og bað um píanótíma. Ég var í einkatímum hjá henni í tvö ár og bý að því. Körfuboltinn missti fljótlega aðdráttaraflið þegar ég fór í Flensborg og kynntist kórnum,“ segir Gígja. Það hafi þó ekki verið auðvelt að hætta. „Ákvörðunin var erfið en ég sá ekkert eftir þessu. Hellti mér bara í tónlistina.“



Spilað og sungið í kirkjunni í Flatey.

### Tónlistin tekur alltaf yfir

„Eftir Flensborg vann ég eina önn en fór svo í þriggja og hálfs mánaðar ferðalag um Suðaustur-Asíu með vinkonu minni og litla bróður mínum, sem var þá átján ára. Okkur stelpunum þótti fínt að hafa hann með. Mömmu og pabba fannst líka öruggara að vita af okkur saman. Mamma fór reyndar fram á að við létum hana vita á hverju einasta kvöldi þegar við værum komin upp í rúm,“ rifjar Gígja upp. „Þessi ferð var mikil upplifun og þroskandi að sjá heiminn. Sjóndeildarhringurinn stækkaði og maður setti hlutina í annað samhengi. Eftir einhvern tíma á ferðinni fannst okkur tíu tíma rútuferð bara „skottúr“. Ég vann svo á leikskóla í nokkur ár, fór í háskólann eina önn í íslensku en hætti. Fór aftur og þá í þjóðfræði en hætti eftir eitt ár. Bæði skiptin var ég að taka upp plötu og áttaði mig þá á því að þessar greinar voru ekki fyrir mig. Ég veit ekki enn hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór, tónlistin nær ávallt yfirhöndinni og er alltaf númer eitt.“

### Tónleikar í kvöld og túr í kirkjum

Í kvöld spilar Ylja á Bláum apríl, styrktartónleikum fyrir börn með einhverfu, í Gamla bíói. Fram undan eru fleiri tónleikar og þá mun Ylja fylgja nýju plötunni eftir í sumar, milli þess sem þær troða upp í brúðkaupum og fleiri viðburðum.

„Við verðum með á Heima music festival í Hafnarfirði í þriðja sinn en það er ótrúlega skemmtilegt að spila heima hjá fólki. Í sumar förum við á kirkjutúr um landið. Það er svo flottur hljómburður í mörgum þessara kirkna og andrúmsloftið sérstakt. Okkar bestu tónleikar voru í Fríkirkjunni í Reykjavík á Airwaves. Ótrúleg stemming, troðfullt út úr dyrum og okkur leið hrikalega vel. Við Bjartey njótum þess að spila saman og það skilar sér, fólk talar um það. En við eigum okkur líka dekkri hlið. Við erum oft svo glaðlegar á sviði og hressar en okkur finnst mjög gaman að vera dramatískar líka, jafnvel sorglegar. Við getum gert ýmislegt,“ segir Gígja.

GLAMOUR
ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT
KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR




FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442













**NÝ SENDING** | VOR 2018

www.zikzakverslun.is










**FRÁBÆRT** úrval af pleðurbuxum og kvartbuxum í svörtu, hvílu og drapplituðu í stærðunum **36-56!**

Tískuhús Zik Zak | www.zikzakverslun.is | Kringlan 551-1314 | Glerártorg 559-1314

# Ótrúlega miklar breytingar

Rúm hálf öld er síðan fyrsta tölvan barst sjóleiðina til landsins. Saga tölvuvæðingar á Íslandi síðustu fimm áratugi er rakin í bók sem kemur út í dag og mun vafalaust vekja góðar minningar.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Í dag kemur út bókin Tölvuvæðing í hálfa öld – upplýsingatækni á Íslandi 1964-2014. Bókin er gefin út í tilefni fimmtíu ára afmælis Skýrslutæknifélags Íslands (Ský) en Anna Ólafsdóttir Björnsson tók við ritun sögunnar árið 2015. Hugmyndin að bókinni á sér langan aðdraganda og hefur öldungadeild Ský m.a. safnað efni sem nýttist vel við verkið að sögn Önnu. „Mörgum var umhugað um að þessi merkilega saga yrði tekin saman áður en fenna færi í sporin. Ég gæti nefnt nöfn góðs fólks, en eins og allar góðar hugmyndir í sögunni, þá voru það fleiri en einn og fleiri en tveir sem má telja frumkvöðla þessa verks. Formlega séð hófst sá hluti verksins sem ég kem að þegar skipuð var ritnefnd á vegum Ský og höfundur fenginn sem hóf verkið. Ég tók við því á miðju ári 2015 og fékk þá að nýta það efni sem til var eins og ég vildi og það var ómetanlegt. Úr því varð vefútgáfa sem kom fyrir almenningssjónir vorið 2016 og nú er bókin loks að koma út.“



„Mörgum var umhugað um að þessi merkilega saga yrði tekin saman áður en fenna færi í sporin,“ segir Anna Ólafsdóttir Björnsson, sem tók við ritun sögunnar árið 2015. MYND/ERNIR

## Algert draumaverkefni

Hún segir verkefnið hafa verið algert draumaverkefni fyrir sig þar sem hún sé bæði með bakgrunn í sagnfræði og tölvunarfræði. „Ritnefndin hefur verið mér til halds og trausts og Arnheiður Guðmundsdóttir hjá Ský hefur haldið vel utan um verkið auk þess sem ég hef notið góðs af því efni sem þegar hafði verið safnað og skrifað.“

Hins vegar hafi verið ótrúlega mikið af efni sem hvergi var til skráð og því hafi verið lögð áhersla á að taka sem allra flest viðtöl. „Við hefðum hæglega getað tekið helmingi fleiri, en litum einkum til þess að fylla í skörðin þar sem rituðum heimildum sleppti. Bækur, blöð og tímarit hafa líka reynst drjúg og einstaka minningabrot fólks í eldlínunni sömuleiðis. Svo hef ég haft allar klær úti þegar ég hef haft vit og getu til og nýt þess að hafa starfað við hugbúnaðargerð í 17 ár, þannig að meira að segja vinir og gamlir vinnufélagar hafa verið mér innan handar við efnisöflun. Áratugareynsla ritnefndarinnar hefur þó líklega verið stærsta framlagið svo og allir viðmælendur bókarinnar.“

## Hraðar breytingar

Upphaf tölvuvæðingar hér á landi má rekja til haustmánaða 1964 þegar fyrstu rafeindareiknivélarnar ætlaðar SKÝRR og Háskóla Íslands komu sjóleiðina til Íslands. „Reiknigeta og fjölhæfni vélanna var meiri en áður hafði þekkst á Íslandi og hafði háskólatölvan t.d. 40 þúsund tákna minni eða 0,04 MB. Hún vann verkefni fyrir fjölmarga aðila, þar á meðal Vegagerðina, sem var að leggja nýjan veg til Keflavíkur og Raforkumálaskrifstofuna, sem þurfti að reikna út notkun uppistöðulóna og nýtingu jarðhita.“

Á næstu áratugum urðu gríðarlega miklar breytingar og segir Anna margt hafa komið sér á óvart. „Ég hélt ég vissi margt um sögu tölvuvæðingar á Íslandi, en allt það sem hefur komið mér á óvart og skemmt mér og öðrum hefur gert þetta verk sérstaklega áhugavert. Tölvur eru svo mikill hluti tilverunnar og framfarirnar svo miklar að fátt hefur breyst eins hratt og einmitt þessi veruleiki, það er ekki eitt heldur margt sem kom mér á óvart.“

## Skemmtilegir skilmálar

Og það fyndna er á hverju strái segir Anna. „Margir þekkja sögur um plássfrekar tölvur sem gátu minna en vasareiknar nokkrum árum síðar og grín um gataspjöld, en dæmin um þetta eru enn skemmtilegri. Það tók til dæmis sólarhring að reikna út þriggja tíma veðurspá árið 1964 og ég býst við að veðrið hafi verið gengið yfir þegar niðurstöður lágu fyrir. Fyrstu tilraunir með íslenska talgervla áttu ekki síður skemmtilegar ágiskanir en „autocorrect“ og Google-þýðingar í dag.“

Uppáhald hennar er hins vegar fyrstu skilmálarnir hjá notendum internetsins. „Árið 1995 voru meira en fimm þúsund einstaklingar komnir með nettengingu og innifalið í mánaðargjaldi venjulegs notanda var klukkustundar notkun á dag, sem safnaðist ekki upp milli daga. Og á þeim tíma var nettengingin mjög hæg.“

## Ný tækifæri

Hún segir stóru stökkin undanfarna áratugi vera mörg. „Fyrstu ár tölvuvæðingar á Íslandi var allt í einu hægt að gera svo ótal margt sem hafði annaðhvort tekið fjölda manns ómældan tíma að vinna eða einfaldlega ekki verið hægt að gera áður. Það finnst mér mjög merkilegt.“

Einnig hafi verið mjög áhugavert að kynnast áhuga fólks á að læra á þessa nýju tækni snemma á tímabilinu og hversu margir komu að nýsköpun og framþróun á tölvutækni, bæði með tilraunum til að setja saman íslenskar tölvur og í mjög fjölbreyttri hugbúnaðargerð sem stundum hefur átt erindi á alþjóðlegan markað. „Tilkoma einkatölva skapaði ný tækifæri og þegar internetið varð almannaeign þá varð líka stökk sem hafði svo ótal margt nýtt í för með sér. Undir lok þess tímabils sem ég fjalla um þá eru samfélagsmiðlarnir og snjalltækin enn ein byltingin.“




VÁ!
NIVEA
NIVEA
Care
INTENSIVE NOURISHMENT
QUICK ABSORPTION
NÆRANDI KREM.
KLÍSTRAST EKKI.
FYRIR ANDLIT & LÍKAMA.

# Eitthvað í staðinn fyrir egg

Egg eru fyrir mörgum slík lífsnauðsyn í bakstur að skortur á þeim getur orðið til þess að hætt er við allt saman. Nú geturðu glatt grænkerana í lífi þínu og þá sem þjást af eggjaofnæmi með þínum bestu réttum og tertum því staðgenglar eggja eru fleiri en þig óraði fyrir.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Egg eru notuð sem eins konar bindiefni í flestum kökuuppskriftum og bæta að auki við örlitlum vökva sem getur gert gæfumuninn í því flókna samspili hráefna sem verður við bakstur og gerir góða köku. En þó egg séu holl eru ekki allir sem geta eða vilja leggja þau sér til munns. Eggjaofnæmi er nokkuð algengt af fæðuofnæmi að vera og þau sem eru á vegan mataræði neyta að sjálfsögðu ekki eggja. Margir hvá þegar þeir heyra að hægt sé að baka og elda næstum hvað sem er án þess að nota egg en staðreyndin er sú að ýmislegt getur leyst eggin af hólmi. Flestir þessir staðgenglar eru vegan, hitaeiningarýrir, fitusnauðir og í sumum tilfellum eru þeir ríkir af vítamínum, steinefnum og trefjum og gera þannig kökur og brauðmeti aðeins hollara fyrir vikið.

## Ávextir

Í staðinn fyrir eitt egg má til dæmis nota hálfan, meðalstóran banana stappaðan eða maukaðan eða kvartbolla af ávaxtamauki, til dæmis epla- eða graskersmauk. Eplamauk er sérstaklega gott í pönnukökur í stað eggja. Ávextir eru auðugir að trefjum og C-vítamíni og fleiri góðum vítamínum og bæta sætu og fersku bragði við kökuna.



Þessi girnilega marensterta er eggjalaus, ótrúlegt en satt!



**Chia-fræ í vatni hafa sömu bindieiginleika og egg en eru ekki dýraafurð.**



Aquafaba hefur farið sigurför meðal grænkera og næstum ótrúlegt að hugsa sér öll notin sem hægt er að hafa af kjúklingabaunasoði.



**Fjórðungsbolli af eplamauki jafnast á við eitt egg.**

## Chia-fræ

Þegar chia-fræjum er blandað við vatn mynda þau þykkt hlaup sem er mjög áþekkt hráum eggjum. Chia-fræ láta nánast ekkert bragð frá sér í kökur og breyta áferðinni lítið svo það er gott að nota þau í staðinn fyrir egg þegar þarf að gera fínlegri uppskriftir. Blandið einni matskeið af chia-fræjum út í þrjár matskeiðar af heitu vatni fyrir hvert egg. Hrærið saman og bíðið í fimm mínútur eða þangað til blandan er orðin hlaupkennd og bætið þá út í deigið og öll góðu efnin sem chia-fræin eru stútfull af fylgja með.

## Lyftiduft og olía

Ef í harðbakkann slær er alltaf hægt að grípa í lyftiduft og grænmetisolíu. Þessi blanda er einkar góð í svampbotna og allt sem þarf að vera létt og loftkennt. Fyrir hvert egg skal nota 1 matskeið af grænmetisolíu og tvær teskeiðar af lyftidufti og blanda við eina matskeið af vatni.

## Marens?

Já, þið lásuð rétt! Þó egg og sykur séu við fyrstu sýn það eina sem þarf í marens geta marensunnendur sem af einhverjum ástæðum ekki neyta eggja tekið gleði sína. Og ekki nóg með það heldur fá umhverfisvænir grænkerar sem eru á móti matarsóun enn frekari ástæðu til að gleðjast. Aquafaba nefnist efni sem þeytist eins og besta eggjahvíta þegar það er komið er í hrærivél og með sykri að smekk verður það að gómsætum marens. Orðið varð til árið 2015 yfir vökvann sem kemur þegar baunir, einkum þó kjúklingabaunir, eru soðnar, vökvinn sem við hellum alltaf niður úr niðursuðudósunum þegar við borðum baunir. Baunavökvinn þeytist ekki aðeins jafn vel og eggjahvíta heldur virkar hann sem eggjastaðgengill í majónes, smjör, osta og flestan bakstur. Fjöldi grænkera leitar leiða til að nýta þennan áður ónýtta vökva og hægt er að fylgjast með afrakstrinum á aquafaba.com.



# NÝ NÁMSKEIÐ

## ENGIN BINDING




**NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST Í APRÍL**

Tryggðu þér þitt pláss strax í dag. Skráning er hafin!

**Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is**

RDC Reebok Dance Center | CrossFit KATLA | Reebok FITNESS

# Var kallaður á West End

Rokkarinn og eftirherman Eyþór Ingi Gunnlaugsson segist jafnvel aldrei tala aftur um Eurovision. Hann leggur í vana sinn að faðma áheyrendur og líkir sér við hund sem dillar rófunni við klapp.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Maður er næstum eins og hundur sem dillar rófunni ef hann fær nammi eða klapp. Ef ég uppsker mikinn hlátur finnst mér það æðislegt og ef ég fæ mikið klapp finnst mér það líka dásamlegt,“ segir Eyþór Ingi sem nýtur þess að skapa tengsl á milli listamanns og áheyrenda með uppistandi og söng. „En eins og mér þykir gaman og gott að fá hlátur þykir mér ekki eins vænt um neitt og þegar ég flyt lag eftir sjálfan mig og salurinn tekur á móti með hlustun og lófataki. Það gefur mér langmest því það er svo persónulegt.“

Eyþór er á leið til Vestmannaeyja. Í kvöld ætlar hann að gefa Eyjamönnum kost á að upplifa vinsæla tónleikaröð sína, Allar bestu hliðarnar, en þar kemur hann fram með kassagítar, píanó og bassatrommur, og er með uppistand inn á milli.

„Ég segi stundum að tónleikaröðin sé til höfuðs ADHD því ég stend einn uppi á sviði og veð úr einu í annað, allt frá Ladda yfir í Hallelúja,“ segir Eyþór Ingi kátur, en sjálfur er hann með lesblindu og athyglisbrest.

„En ég er ekki ofvirkur heldur óvirkur og get staðið og starað út í loftið á meðan allt er á fullu í hausnum. Gísli Rúnar Jónsson lýsti athyglisbresti vel þegar hann sagði hasarinn í kollinum eins og að reka hótel þar sem gestirnir rifu allir kjaft og væru með vesen. Ætli það sé ekki pínulítið þannig hjá mér, nema að allar eftirhermurnar bætast þar við líka,“ segir Eyþór og skellihlær.

## Hlátur og grátur í húsinu

Eyþór er mögnuð eftirherma. Hann byrjaði að herma eftir Ladda þegar hann var smástrákur á Dalvík en hermir nú aðallega eftir þekktum mönnum úr bransanum.

„Ég legg mig ekki fram um að vera eftirherma en segi sögur af skemmtilegum karakterum sem ég lít upp til, af því að ég þekki þá, raddir þeirra, frasa og fasið. Það getur verið skrýtin tilfinning að fíflast með menn sem eru margir hverjir góðir vinir mínir og samstarfsmenn en það er allt gert með virðingu og vinsemd. Ég mundi líka telja að menn séu komnir á ósnertanlegan stall þegar allir kveikja á perunni um hvern ræðir þegar hermt er eftir röddum þeirra og einkennum,“ segir Eyþór.

Hann var að leika sér að því að herma eftir mönnum á Snapchat, þar sem hægt var að setja á sig grímur af andlitum annarra, þegar hann var allt í einu bókaður jafn mikið, og stundum meira, sem grínari en músíkant. Síðan hefur þrívegis verið uppselt á tónleika hans og uppistand í Bæjarbíói og hefur fjórðu tónleikunum verið bætt við 10. maí.

„Stemningin er svo yndisleg að ég ýmist kemst ekki að vegna þess að fólk grætur svo úr hlátri eða syngur hástöfum með og situr svo og hlustar af andakt og athygli í rólegri lögum þannig að það má heyra saumnál detta,“ segir Eyþór sem á gjarnan bágt með að halda andlitinu þegar salurinn kútveltist af hlátri.

„En ég hef jafn oft verið nálægt því að gráta með salnum og á síðustu tónleikum missti ég út úr mér að mig langaði ekki til að vera neins staðar annars staðar en einmitt þar því mér leið svo vel og það var svo gaman. Þannig á ég til að detta í væmni og jafnvel klökkna þegar svo ber undir.“

## Knúsar alla áhorfendur sína

Eyþór tók upp hlýlega hefð í kjölfar jólatónleika sinna fyrir síðustu jól en þá troðfyllti hann kirkjur og samkomuhús á nítján tónleikum víðs vegar um landið.

„Ég var alltaf hræddur við að koma fram einn því þá stendur sýningin og fellur með manni einum á sviði í hálfan þriðja tíma. Því ákvað ég að halda fyrstu jólatónleikana heima á Dalvík og var svo þakklátur fyrir viðtökurnar að ég stökk fram í anddyri og knúsaði alla í þakklætisskyni,“ segir Eyþór sem síðan hefur haldið áfram að faðma aðdáendur sína.

„Eftir tónleikana á Dalvík spurði hljóðmaðurinn í glensi hvort ég ætlaði mér alltaf að knúsa áheyrendur og mér fannst það svo fyndin og falleg hugmynd að ég ákvað að gera það að hefð. Það er einstök tilfinning að fá í andlitið fólk sem er enn í tilfinningarússíbana tónleikanna sem spannar allt frá hlátri yfir í grát. Meirihlutinn þiggur knús en afköst fara eftir stærð staðanna og geta dregist á langinn, eins og í Lindakirkju þar sem ég hélt þrenna jólatónleika og mættu 550 manns í hvert skipti. Ég stend þó keikur og tek í spaðann á öllum sem það vilja og þar til síðasti maður er farinn út. Það gefur mér mikið og kraft til að halda áfram.“



Eyþór Ingi er með mörg járn í eldinum og það sópar að honum. MYND/ERNIR

## Talar aldrei um Eurovision

Liðin eru fimm ár síðan Eyþór Ingi keppti fyrir Íslands hönd í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Málmey í Svíþjóð 2013.

„Ég hef ekki talað um Eurovision síðan ég tók þátt í keppninni. Þetta var skemmtilegur tími en líka erfiður. Ég hef blendnar tilfinningar gagnvart þessari upplifun og ég vil ekki fara nánar út í það núna. Kannski seinna. Kannski aldrei,“ segir Eyþór.

Hann fylgist ekkert með keppninni heima né úti og hefur ekki heyrt íslenska framlagið í ár.

„Á úrslitakvöldinu var ég með bílstjóra að keyra á milli fimm staða þar sem ég spilaði og söng. Ég vissi auðvitað af þátttöku og hlustaði á lag Dags Sigurðssonar, félaga míns, sem hefur sungið með mér á ýmsum rokksýningum, og sem mér þykir einn merkilegasti rokk- og blússöngvari þjóðarinnar. En ég held ég hafi aldrei orðið ýktari í því að forðast alveg að kveikja á sjónvarpinu en þetta kvöld sem Eurovision er,“ segir Eyþór.

Lagið sem hann söng í Málmey var Ég á líf.

„Ég á gott líf,“ segir Eyþór. „Ég á dásamlega konu og þrjú börn og starfa í tónlist sem var alltaf minn stóri draumur. Ég starfræki stúdíó í Garðabæ með félögum mínum og líður vel í skapandi umhverfi. Ég er líka það heppinn að geta horft orðið á árshátíðir, brúðkaup, jarðarfarir, afmæli og sýningar sem hverja aðra vinnu og hef nú endurheimt tónlistina sem brennandi áhugamál þar sem ég sest niður og bý eitthvað til. Ég þarf bara að vera duglegri að henda því í loftið og vonandi verður breyting á því.“

Eyþór er bókaður langt fram í tímann og mikið um helgar.

„Að vera músíkant á Íslandi er að vera eins og trillukarl. Maður hittir á gott mið, fiskar vel í einhvern tíma og þorir ekki annað en að taka eins mikið og maður getur. Þannig gengur þetta í bylgjum og svo kemur rólegri tíð inn á milli.“

Eftir Eurovision í Málmey söng Eyþór lagið um land allt.

„En allar götur síðan hef ég komist ágætlega upp með að syngja það ekki þótt það komi stundum fyrir sem óskalag. Árið 2013 var lagið sungið í brúðkaupum jafnt sem jarðarförum, átti alls staðar við, og ég veit að prestar vitnuðu í textann í minningarorðum. Mér finnst það bara fallegt. Það myndast fögur stemning á Klakanum í kringum Eurovision, allir hafa skoðun á laginu og það þjappar þjóðinni saman í að vera ósammála,“ segir Eyþór og brosir.

## Æðrulaus týpa

Strax í leikskóla átti Eyþór sér draum um að verða tónlistarmaður.

„Ég hef verið ótrúlega heppinn og fengið mörg einstök tækifæri sem tónlistarmaður, en mér finnst ég líka hafa flotið svolítið með straumnum,“ segir Eyþór. „Ég staldra stundum við það í amstri dagsins, þegar ég er búinn að taka fleiri, fleiri gigg með lögum sem hafa ekkert með mig að gera, og hugsa: „Bíddu nú hægur; ætlaði ég ekki að hafa stjórn á því sem ég geri og semja mína eigin tónlist?“ En ég er svo æðrulaus og róleg týpa, og kannski kærulaus, og alltaf á leiðinni að gera eitthvað meira.“

Sem stendur er Eyþór forsöngvari Todmobile. Hann var á tímabili í Stuðmönnum, kom, sá og sigraði í sjónvarpsþáttunum Bandið hans Bubba, hefur leikið í Þjóðleikhúsinu og hjá Leikfélagi Akureyrar og tók þátt í Eurovision, sem hann segist enn vera að átta sig á.

„Þetta hefur verið lygilegt ferðalag og sérstaklega því mér finnst mig stundum skorta drifkraft til að rísa á fætur og sækja hlutina. Þannig hef ég svo oft verið gripinn úr fljótinu,“ segir Eyþór sem nýlega lenti í enn einu ævintýrinu og alveg úr lausu lofti.

„Þá var ég tvisvar með stuttu millibili boðaður í prufur fyrir aðalhlutverk í einum stærsta söngleik á West End í Lundúnum. Ég er hvorki með umboðsmann né sóttist eftir því, en lenti í einu partíi í London sem virðist hafa orðið til þess að ég lenti inni á borði hjá einum af stærstu söngleikjaframleiðendunum á West End. Ég er enn að hlæja að því í símtalinu leit út eins og ég væri leikari í startholunum og ég fékk aðeins tveggja daga fyrirvara! Það er lýsandi dæmi um hvernig lífið hefur atvikast og vakti mig til umhugsunar um að ég ætti kannski í alvöru að undirbúa mig fyrir aðra og stærri hluti. Ég fór svo utan í prufurnar og komst mjög langt en var kannski ekki efnislega né líkamlega tilbúinn í rulluna. En hver veit? Kannski seinna. Lífið er víst engin tilviljun, eins og John Lennon benti á með tilvitnuninni: „Life is what happens when you're busy making other plans.““

FERÐABLAÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um sólarlandaferðir kemur út 7. apríl nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512-5402 eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN, VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

*Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!*




Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.
Gæði bætiefna skipta öllu máli.
Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu.
Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

**Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín**

*Allt lífrænt - allt vegan*

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is



Rapparinn Eminem kemur fram á tónlistarhátíðinni í Hróarskeldu.

# Eminem á Hróarskeldu

Undirbúningur fyrir stærstu tónlistarhátíð Norðurlanda í Hróarskeldu í Danmörku sem margir Íslendingar heimsækja á hverju ári er að komast á lokasprettinn. Þegar er búið að gera samning við 170 tónlistarflytjendur en meðal þeirra sem koma fram eru Eminem, Bruno Mars, Gorillax, Khalid, Nine Inch Nails, Cardi B, St. Vincent og David Byrne ásamt hinum danska Nephew, eftir því sem Jyllands Posten greinir frá. Þá eru ótaldir Nick Cave and The Bad Seeds og Massive Attack. Margir tónlistarmenn eru að koma í fyrsta skipti fram á Hróarskeldu. Fleiri nöfn eru nefnd eins og Anderson Paak, Interpol, Joey Badass og Mike Skinner, sem er best þekktur með The Streets.

Í fyrsta skipti verða núna sett upp almennileg salerni á hátíðarsvæðinu en hingað til hefur verið notast við útikamra sem oftar en ekki lykta skelfilega. Margir ættu að fagna því.

Hátíðin fer fram í Hróarskeldu dagana 30. júní til 7. júlí. Búist er við rúmlega hundrað þúsund gestum á hátíðina sem var fyrst haldin 1971.



Rauði krossinn í Reykjavík efnir til skiptimarkaðar með barnaföt í Gerðubergi á morgun, laugardaginn 7. apríl. Markaðurinn hefst klukkan 13.00 og lýkur kl. 15.00.

# Barnaföt fá lengra líf

Nú er lag að taka til í barnafataskápnum því Rauði krossinn í Reykjavík efnir til skiptimarkaðar með barnaföt í Gerðubergi á morgun, laugardaginn 7. apríl. Markaðurinn hefst klukkan 13.00 og lýkur kl. 15.00. Á skiptimarkaðnum gefst fólki tækifæri til að koma með hreinar og heilar flíkur sem nýtast ekki lengur og skipta þeim fyrir föt sem eru í réttri stærð. Fyrirkomulagið er á þann veg að í Gerðubergi er lager með barnafötum, fólk kemur með þau föt sem það hefur ekki not fyrir lengur og getur fundið föt sem henta því í staðinn. Með þessu móti öðlast fötin lengra líf, fjölskyldum og umhverfinu til hagsbóta. Eitt ár er frá því að markaðurinn hóf göngu sína og verður haldið upp á þann merka áfanga með því að bjóða gestum og gangandi upp á ljúffenga köku.

# Uppvask getur mótað sambandið

Samkvæmt nýrri rannsókn getur það haft mikil áhrif á heilsu og langlífi gagnkynhneigðra sambanda hvernig uppvaskinu er skipt á milli fólks. Rannsóknin var unnin við háskólann í Utah fyrir samtökin Council of Contemporary Families, samtök sem rannsaka hvernig fjölskyldur virka og haga sér.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er uppvask það húsverk sem er mikilvægast fyrir konur í gagnkynhneigðum samböndum að deila. Konur sem sinna því að mestu sjálfar upplifa meiri átök í samböndum, finna til minni ánægju og kynlíf þeirra er verra en hjá konum sem eiga maka sem hjálpa til.

Dan Carlson, aðalhöfundur rannsóknarinnar, segir að ástæðan fyrir þessu sé að uppvask sé ógeðfellt, sjaldan sé hrósað fyrir það og hefð sé fyrir því að konur sinni störfum sem snúist um að þrífa eftir aðra, á meðan það sé hefð að karlar vinni heimilisstörf sem eru minna sóðaleg. Konum, sem þurfa enn að sinna slíkum störfum nú til dags, finnst þeim vera falið að sinna störfum sem enginn annar vill vinna og það ýtir undir gremju, segir Carlson.

Uppvaski er sífellt oftar deilt og það eykur enn á gremju þeirra kvenna sem sitja uppi með verkefnið. Aftur á móti virðast pör sem deila uppvaskinu eiga betri sambönd og það getur bætt tengsl fólks að sinna því saman.



Það getur haft slæm áhrif á sambandið að láta annan makann sjá um uppvaskið. En líklega er skortur á samstarfi líka einkenni slæmra sambanda. NORIDCPHOTOS/GETTY


BYSSUSMIÐJA AGNARS
Fagmennska í fyrirrúmi

| Winchester 10 skot í pakka: | | Express og Eley 25 skot í pakka: | |
|---|---|---|---|
| 36gr. | 890 kr | 24gr. | 750kr |
| 40gr. | 990 kr | 28gr. | 850kr |
| 50gr. | 1.200 kr | 36gr. | 1.500kr |
| | | 42gr. | 1.700kr |
| | | Magnum | 1.900kr |



STÓRÚTSALA Á HAGLASKOTUM
frá Winchester, Express og Eley meðan birgðir endast!

ELEY
LEADING SHOOTING PERFORMANCE
LYALVALE Express THE 1st NAME IN CARTRIDGES
WINCHESTER®

Skemmuvegur 12 - (blá gata)
200 Kópavogi
Sími: 891-8113
doktoraggibyssa@simnet.is
www.galleribyssur.com

Líttu við hjá okkur og gerðu góð kaup á skotveiðivörum

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

STÓRA BÍLASALAN



**NÝIR BÍLAR!**
Discovery Sport HSE. Árgerðir 2018, dísel, sjálfskiptir. Verð 7.490.000. Rnr. 150444.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Pallhýsi



**TIL SÖLU.**
Notuð pallhýsi verð frá 750.000 m/ vsk Nánari uppl. á pallhysi.is eða í s:849-2220

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Tölvur

Vil losna við gamla Toshiba fartölvu og gamlan skanna.Uppl.s:553-0623






Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Hreinar línur

**RÆSTINGAR**
Við óskum efftir fólki til starfa við ræstingar. Í boði eru fastar stöður, hluta störf og vaktavinna. Helst á aldursbilinu 20-50 ára og með bilpróf. Reynsla ekki áskilin. Sækið um á hreinarlinur.is eða í pósti á atvinna@hreinarlinur.is

**CLEANING COMPANY**
is looking for people to work in cleaning services,( bussines and residentials). Part time/full time job. English and experience are mandatory.Motivating salary depending on performance. Required: professionalism, reliability and flexibility.
**The applications for job will be send to the e-mail adress hallo@stedum.is/ cami@stedum.is, until 9'th of may**

Hreinar línur

**CLEANING**
We are looking for people to hire, for full time jobs, part time jobs and shifts work. Preferably between 20-50 years of age, Icelandic and/or english speaking with driving licence. Experience not mandatory. Please apply via hreinarlinur.is or via email: atvinna@hreinarlinur.is

Hreinar línur

**SPRZTANIE**
Firma sprztajaca zatrudni osoby chetne do pracy na 50 lub 100%. Mile widziane prawo jazdy oraz osoby w wieku 20-50 lat. Prosimy o zaswiadeczenie o niekaralnosci. Kontakt na stronie hreinarlinur.is lum mail: atvinna@hreinarlinur.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**STARFSMENN Í BOÐI**
Höfum nokkra erlenda iðnaðarmenn og verkamenn í boði til lengri eða skemmri tima. Manngildi starfsmannaþjónusta Simar 780-1660 og 868-4551 work@mgs.is

### Námskeið

**Stangveiðimenn/konur athugið**
Námskeið í flugukóstum hefst sunnudaginn 8. apríl í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, kl. 20:00.
**Kennt verður 8,15,22 og 29. apríl.**
Námskeiðin eru þessir fjórir sunnudagar.
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu.
Tökum greiðslukort.
Mætið tímanlega, munið eftir inniskóm.
**Verð 17.000 kr en 15.000 kr til félagsmanna.**
**Uppl. í s. 894 2865 Gísli . KKR, SVFR & SVH**

### Tilkynningar

Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**
**Athugun Skipulagsstofnunar**

**Framleiðsla á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði**

Arctic Sea Farm hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 9. apríl 2018 - 22. maí 2018 á eftirtöldum stöðum: Í Safnahúsinu á Ísafirði, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 22. maí 2018 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

### Skemmtanir





HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*„Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**LEIKIR HELGARINNAR:**

**Laugardagur 7. apríl**
11:30 Everton-Liverpool
14:00 Stoke-Tottenham
16:30 Man.City-Man.Utd.

**Sunnudagur 8. apríl**
13:15 Arsenal-Southampton
15:30 Chelsea-West Ham

Gullnáman

**Hljómsveitin Trap spilar föstudag og laugardag frá kl. 00:00 - 03:00**



Hljómsveitina skipa þeir:
Rúnar Þór - Reynir - Diddi - Örn - Rúnar Villa

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar


### Tilboð


**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir *á aðeins 5.500.-***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

**Frestur til**
**að senda tilnefningar er til miðnættis**
**í KVÖLD**

# Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

## Óskað er eftir tilnefningum til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2018

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum.

**1 Hvunndagshetjan**

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2 Frá kynslóð til kynslóðar**

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3 Til atlögu gegn fordómum.**

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4 Heiðursverðlaun**

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5 Samfélagsverðlaunin**

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt 11. apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Það má búast við talsverðu frosti í morgunsárið. En þar sem sólin er nú farin að hafa áhrif á hitann má búast við því að hiti nái víða upp fyrir frostmark að deginum. Upp úr hádegi hvessir svo heldur af vestri og þykknar heldur upp með snjóéljum á norðvestanverðu landinu.




## Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3° | ↖3 |
| Ísafjörður | -3° | ↑1 |
| Akureyri | -2° | ↘4 |
| Egilsstaðir | -2° | ↘6 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | ↙1 |
| Hveravellir | -4° | ↙1 |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3° | ↖8 |
| Ísafjörður | -0° | ↖5 |
| Akureyri | -1° | ↖1 |
| Egilsstaðir | -2° | ↑2 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | ←5 |
| Hveravellir | -4° | ↑6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 4 | 5 |
| | | 8 | | 4 | 3 | | | |
| 9 | | 2 | 1 | | 8 | 3 | | |
| 1 | 3 | 5 | | | | | | 7 |
| | | 9 | | 8 | | 5 | | |
| 7 | | | | 3 | 2 | | | 9 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 7 | 2 | | |
| 2 | | 7 | 5 | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | | 7 |
| | 2 | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 7 | | |
| | 6 | 5 | | | | 8 | | |
| | 4 | | | | 6 | | | 9 |
| | | 9 | 3 | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 4 | | |
| 8 | 6 | 3 | | | | | 5 | 7 |
| | 1 | | 5 | | | | | 3 |
| 4 | | | | | | 3 | | |
| 1 | 2 | | | | 6 | | 8 | |
| 3 | | | | | 4 | | | 1 |
| 5 | 3 | 2 | | | 7 | | | |
| | | 9 | | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | | | 9 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. atburður
5. orlof
6. óreiða
8. krydd
10. samtök
11. kraftur
12. skrambi
13. spil
15. ásýnd
17. hrópa

**LÓÐRÉTT**
1. skilgreina
2. treysta
3. vitur
4. klór
7. útskýra
9. krydd
12. lykta
14. í viðbót
16. þófi

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. atvik, 5. frí, 6. rú, 8. múskat, 10. aa, 11. afl, 12. ansi, 13. kani, 15. auglit, 17. kalla. **LÓÐRÉTT:** 1. afmarka, 2. trúa, 3. vís, 4. krafs, 7. útlista, 9. kanill, 12. anga, 14. auk, 16. íl.

## Skák Gunnar Björnsson

Miesis átti leik gegn Bardelben i Barmen árið 1905.

**Hvítur á leik**

**1. De8+!!** (1. c7+ Hxf3 2. De8+! vinnur líka). **1. ... Hxe8 2. Hxe8+ Bxe8 3. c7+ Hxf3 4. c8D# 1-0.**

Lenka Ptácníková er efst á Öðlingamóti TR með fullt hús eftir 3 umferðir. Lenka heldur brátt á EM kvenna í Slóvakíu.

**www.skak.is:** GRENKE-mótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

## Gjöf að vera á lífi

**Arna Sigríður Albertsdóttir** hlaut mænuskaða eftir skíðaslys í Noregi árið 2006, aðeins 16 ára gömul. Hún stefnir á þátttöku í Ólympíuleikum fatlaðra 2020.





## Konan sem Nelson gat ekki fyrirgefið

**Winnie Mandela** er eina manneskjan sem Nelson Mandela gat aldrei fyrirgefið.

## Heimur Gabríelu

„Ég er að opna hjarta mitt,“ segir **Gabríela Friðriksdóttir** um ný verk sín.

## Í köldu stríði

**Íranar** og **Sádi-Arabar** hafa í áratugaraðir tekist á um völd í Mið-Austurlöndum. Sífellt hitnar í kolunum. Sitt á hvorri hliðinni í Sýrlandi og Jemen.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Frumherji opnar nýja ástands-skoðunarstöð að Kletthálsi 1A

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni munum við þjóna þeim sem eru í bílahugleiðingum eins og best verður á kosið.

Söluskoðun

**Það getur borgað sig margfalt að láta ástandsskoða bílinn áður en skrifað er undir kaupsamning**

Mjög hefur færst í vöxt að notaðar bifreiðar séu ástandsskoðaðar við eigendaskipti. Ástandsskoðun er mun ítarlegri en venjuleg skylduskoðun og tekur til fleiri þátta.
Ný stöð Frumherja að Kletthálsi mun anna aukinni eftirspurn eftir ástandsskoðunum sem hafa fyrst og fremst þann tilgang að auka áreiðanleika og gæði bílaviðskiptanna.
Allir þeir sem eru í bílahugleiðingum ættu að láta ástandsskoða bílinn áður en gengið er frá viðskiptunum.



*Ástandsskoðun Frumherja, Kletthálsi 1A - 110 Reykjavík - S. 570 9285*

**Tímapantanir í síma: 570 9090**

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

ávöxtur
mánaðarins



Robin

**Robin appelsínur**

Það er meira en C-vítamín sem gerir appelsínur hollar því andoxunarefni verja líkamann gegn efnum sem skaða. Ávextir sem innihalda mikið af C-vítamíni eru oft algjörar andoxunarbombur.

**279** kr/kg

Tilboð gilda út 8. apríl




**Fisherman Laxagna 450 g**

Skemmtileg nýjung, þarf aðeins að hita

**1.490** kr/pk




**Jensens rif**

Tilbúið beint í ofninn eða á grillið. 550 g

**1.599** kr/pk




**Jensens pulled pork**

Búðu til bestu grísasamlokuna. 800 g

**2.199** kr/pk




**JT´s Ice Cream 475 ml**

Ekta amerískur ís

**199** kr/pk

**Verð áður 499**




**California Style Guacamole**

Ferskt Guacamole alla miðvikudaga og föstudaga

**699** kr/pk




**Tostitos snakk**

Ekki sætta þig við annað

**979** kr/pk

# Meira girnilegt






**Gerir góðan borgara betri**

**349** kr/stk

ÍSLANDS NAUT

## Smash Style

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g |
|---|---|---|
| **479** kr/pk | **559** kr/pk | **639** kr/pk |
| Verð áður 599 | Verð áður 699 | Verð áður 799 |

**20%** afsláttur




**Kryddlegnar lærisneiðar**

**2.879** kr/kg

Verð áður 3.599




**Ferskir kjúklingavængir**

**279** kr/kg

Verð áður 399 kr/kg

**15%** afsláttur




**Kjúklingalundir**

**2.039** kr/kg

verð áður 2.399 kr/kg

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

# Þegar þráhyggjan og tilraunirnar taka völdin

**Eitt leiðir af öðru og öðru og öðru nefnist fyrsta einkasýning Ásgeirs Skúlasonar myndlistarmanns. Hún verður opnuð í Listasal Mosfellsbæjar í Þverholti síðdegis í dag.**



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ásgeir fór ekki í Liti og föndur heldur Bauhaus til að finna eitthvað að vinna úr. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þetta eru tímafrek verk, það er ekki annað hægt að segja. Það er svona þegar þráhyggjan tekur völdin og stanslaus tilraunastarfsemi,“ segir Ásgeir Skúlason myndlistarmaður um listaverkin sem hann er að opna sýningu á í Listasal Mosfellsbæjar í dag milli klukkan 16 og 18.

Eitt leiðir af öðru og öðru og öðru… er fyrsta einkasýning Ásgeirs. Þar eru um sextíu verk, sum eru hengd upp í klösum en gætu samt staðið stök. Listamaðurinn segir þau öll ný, þó hann hafi byrjað á sumum í fyrra hafi þau ekki verið fullmótuð fyrr en nú. Öll eru þau unnin úr PVC-rafmagnseinangrunarbandi.



*Hvernig kom það til?* „Ég var að vinna úr ýmsum efniviði og var með rúllu af einangrunarbandi við hliðina á mér, allt í einu fór hún að verða rosalega spennandi. Þá fór ég að fikta og fikta aðeins meira, kaupa fleiri liti og sjá hvað ég gæti gert úr þessu, þannig þróaðist þetta.

> **ÉG VAR AÐ VINNA ÚR ÝMSUM EFNIVIÐI OG VAR MEÐ RÚLLU AF EINANGRUNARBANDI VIÐ HLIÐINA Á MÉR, ALLT Í EINU FÓR HÚN AÐ VERÐA ROSALEGA SPENNANDI. ÞÁ FÓR ÉG AÐ FIKTA OG FIKTA AÐEINS MEIRA, KAUPA FLEIRI LITI OG SJÁ HVAÐ ÉG GÆTI GERT ÚR ÞESSU.**

Ég verð alltaf að halda áfram, sama hver endanleg útkoma verður og burtséð frá því hvort mér þykir hún góð eða slæm.“

Ásgeir býr í Mosfellsdal. Hann stundaði fornám í Myndlistarskóla Reykjavíkur og segir það mjög góðan skóla. „Í framhaldinu fór ég beint í Listaháskólann og útskrifaðist úr myndlistardeildinni árið 2013.“

*Skyldi hann hafa kynnst einangrunarbandinu þar?* „Já, ég gerði fyrstu tilraunirnar með það áður en ég fór í skiptinám til Austurríkis 2011. Labbaði óvart inn í Bauhaus – fór ekki í Liti og föndur, heldur Bauhaus til að finna eitthvað að vinna úr! Svo úti í Evrópu var svona teip miklu ódýrara en hér og ég nýti mér það, er búinn að panta einhverjar 1.500 rúllur eða svo í gegnum eBay.“

*Eru þær til í öllum regnbogans litum?* „Ég hef fundið ellefu eða tólf liti. En maður getur pantað rauðar rúllur frá sama framleiðanda í þrjú skipti og sendingarnar eru aldrei eins á litinn svo það koma fram alls konar blæbrigði,“ segir Ásgeir glaðlega og kveðst ákveðinn í að halda þessari þráhyggjukenndu tilraunavinnu áfram. Sýning hans stendur til 4. maí og aðgangur er ókeypis.




## Kynna lítið þekkta hlið Jónasar Ingimundarsonar

Sólin glitrar – gullfallegir dúettar og sönglög er yfirskrift Tíbrártónleika í Salnum á sunnudaginn sem hefjast klukkan 16. Þar verða flutt lög og þjóðlagaútsetningar eftir Jónas Ingimundarson píanista í bland við tónlist eftir Henry Purcell, Mozart, Delibes og Camille Saint-Saëns. Það eru Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósópran, og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari sem koma fram. „Okkur langar að kynna lítið þekkta hlið Jónasar sem tónskálds,“ lýsir Hallveig og heldur áfram:

„Jónas gaf út bók sem heitir Tíu söngvar og tveimur betur, árið 2011 og við ákváðum að athuga hvernig Jónas tæki því að við flyttum þessi lög. Hann varð hrikalega spenntur og fór alveg á milljón að grafa upp gömul lög, semja ný og gera nýjar útsetningar þannig að þau hentuðu fyrir dúett, því upphaflega voru þetta einsönglög.“



Hrönn, Jónas, Hallveig og Sigríður Ósk á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hallveig segir Jónas líka hafa hjálpað til við valið á þeim verkum sem flutt verða eftir aðra höfunda á tónleikunum. „Það eru þekkt verk,“ segir hún. „Við tökum til dæmis Blómadúettinn eftir Delibes sem við Sigríður Ósk sungum saman í sjónvarpinu í haust þegar uppáhaldsaríur þjóðarinnar voru fluttar. En lögin hans Jónasar eru aðalatriði tónleikanna.“ – **gun**

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

Hvar@frettabladid.is

## 6. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Yamaho á Paloma
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Yamaho spilar vandaða danstónlist á skemmtistaðnum Paloma í kvöld, föstudagskvöld. Langt er síðan hún tróð þar upp, þannig að um mikla dansveislu er að ræða. High Altitude sér um upphitun frá klukkan 22 til 00.

**Hvað?** Haukur í Diktu á Hverfisbarnum
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hverfisbarinn, Hverfisgötu
Haukur í Diktu spilar á Hverfisbarnum.

**Hvað?** V i ð b r ö g ð / / / R e a c t i o n s
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Daníel, Guðmundur og Pétur eru plánetur á reiki um sólkerfi Reykjavíkur. Í kvöld í Mengi munu sporbaugar þeirra mætast í fyrsta sinn. Samskipti þeirra fara fram í ljóði á klassíska gítara og lífrænn spuninn leitast við að særa órafmagnaða hljóðláta söngva úr gíturum þeirra allra.

**Hvað?** Mosi / Seint
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Sveitirnar Mosi og Seint spila á Dillon. 1.000 kall inn.

**Hvað?** Stórsveitarsveifla
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hörpu
Á tónleikunum verður kynntur til leiks nýr stjórnandi sveitarinnar, Karen Sturlaugsson, sem tók við stjórnandasprotanum um áramótin. Karen á að baki langt og farsælt starf við tónlist og tónlistarkennslu á Suðurnesjum og spreytir sig nú á stjórn fullorðinslúðrasveitar.

### Viðburðir

**Hvað?** Þorvaldur Friðriksson: Jón Indíafari
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti
Þorvaldur ætlar að segja okkur af ævintýralegum ferli Jóns, sem var lyginni líkastur og ætti vel heima sem söguþráður í hágæða hasarmynd.

**Hvað?** Opinn fyrirlestur: Alice Creischer & Andreas Siekman
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Laugarnesvegi
Í dag munu Alice Creischer og Andreas Siekman halda opinn fyrirlestur um verk sín og vinnuaðferðir í fyrirlestrarsal myndlistardeildar að Laugarnesvegi 91. Undir titlinum Nature Meets Itself in the Stomach of the Predators munu þau fjalla um rannsókn sína á Alþjóðlegu fræhvelfingunni á Svalbarða og einokun fræja. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



Haukur skemmtir gestum á Hverfisbarnum eins og honum einum er lagið.

### Sýningar

**Hvað?** Opnun – Persistent Distension
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Rýmd, Völvufelli
Persistent Distension er einkasýning Þorsteins Eyfjörð. Opnun er 06.04.18 kl. 18.00 og heldur áfram inn í kvöldið ef skemmtun leyfir. Boðið verður upp á léttar veitingar og þunga Kunzt.

**Hvað?** Misbrigði III: Utangarðs – hönnunarsýning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti
Kynntur verður fatnaður, unninn af nemendum á 2. ári í fatahönnun í samstarfi við Fatasöfnun Rauða kross Íslands. Hægt er að sjá fatnaðinn í návígi, vinnuferlið, tengt efni og þann hvata sem lá að baki verkefninu. Sá fatnaður og textíll sem unnið er með hefur af ýmsum sökum lent utangarðs og er ósöluhæfur nema til niðurrifs. Gestir geta komið með eigin flíkur og munu geta prentað á þær á staðnum. Eins er hægt að kaupa bol af fatasöfnun Rauða krossins á staðnum á 500 kr. og rennur allur ágóði til Fatasöfnunar Rauða kross Íslands.



Yamaho verður með funheita danstónlist á spilurunum á Paloma í kvöld.




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Doktor Proktor & Tímabaðkarið | 18:00 |
| Nonni og Manni - þættir 1 og 2 Q&A | 18:00 |
| Loveless | 17:30 |
| Jurassic Park | 20:00 |
| The Shape Of Water | 20:30 |
| Andið eðlilega ENG SUB | 20:00 |
| Loving Vincent | 22:30 |
| Hleyptu Sól í hjartað | 22:30 |
| Spor | 22:30 |



KÍKTU Á VERÐIN

KAUPHLAUPSTILBOÐ 4.-8. APRÍL



30% AFSLÁTTUR
Kauphlaupsverð: **4.197**
**Verð áður: 5.995**
**Stærðir:** 27,5-35 / **2 litir**



30% AFSLÁTTUR
Kauphlaupsverð: **3.847**
**Verð áður: 5.495**
**Stærðir:** 17-27 / **2 litir**



80% AFSLÁTTUR
Kauphlaupsverð: **995**
**Verð áður: 4.995**
**Stærðir:** 28-35 / **4 litir**



30% AFSLÁTTUR
Kauphlaupsverð: **6.297**
**Verð áður: 8.995**
**Stærðir:** 35,5-40 / **2 litir**

ENN FLEIRI TILBOÐ Í VERSLUN!

www.skornirthinir.is

skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Ljóti andarunginn og ég
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Drop Dead Diva
**09.20** Bold and the Beautiful
**09.40** Doctors
**10.25** Mike & Molly
**10.50** Restaurant Startup
**11.40** Anger Management
**12.05** Atvinnumennirnir okkar
**12.35** Nágrannar
**13.00** Being John Malkovich
**14.50** Patch Adams
**16.40** Mið-Ísland Sprenghlægilegir gamanþættir frá uppistandshópnum Mið-Íslandi en hann skipa Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Jóhann Alfreð og Dóri DNA. Auk þeirra fer leikkonan Dóra Jóhannsdóttir með stórt hlutverk í þáttunum. Hér er á ferðinni íslenskt grín eins og það gerist allra best.
**17.10** Curb Your Enthusiasm
**17.45** Bold and the Beautiful Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en með miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt á starfsemina og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin til, sér í lagi þegar Spencer-klanið fléttast inn í daglegt líf þeirra.
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** American Idol
**20.55** Satt eða logið Frábær skemmtiþáttur sem sjónvarpsmaðurinn Benedikt Valsson stýrir af mikilli snilld en hann tekur á móti fjórum gestum í hverjum þætti sem skipa síðan tvö lið. Þátttakendur í hvoru liði fyrir sig segja sögur af sjálfum sér og andstæðingarnir eiga að geta upp á hvort sagan sé sönn eða lygi. Honum til halds og trausts eru liðsstjórarnir Auðunn Blöndal og Katla Margrét.
**21.35** Alien: Covenant
**23.35** Skiptrace
**01.10** Public Enemies
**03.25** The Sea of Trees
**05.15** Woodshock

## STÖÐ 2 SPORT

**09.45** Leipzig - Marseille
**11.25** Haukar - KR
**13.05** Domino's-körfuboltakvöld
**13.35** ÍBV - Fram
**14.55** A. Madrid - Sporting
**16.40** Domino's-körfuboltakvöld
**17.10** PL Match Pack
**17.40** Premier League Preview
**18.10** Evrópudeildarmörkin
**19.00** Meistaradeildin í hestaíþróttum
**22.00** Búrið
**22.35** La Liga Report
**23.00** Philadelphia 76ers - Cleveland Cavaliers

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.30** Premier League Review
**09.25** Sheffield United - Cardiff City
**11.05** Fullham - Leeds
**12.45** Lengjubikarinn
**14.25** San Antonio Spurs - Houston Rockets
**16.20** Arsenal - CSKA Moskva
**18.00** Leipzig - Marseille
**19.40** Cardiff - Wolves
**21.45** Bundesliga Weekly
**22.15** Premier League Preview
**22.45** Skallagrímur - Haukar

## STÖÐ 3

**19.05** The New Girl
**19.30** Entourage
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.40** The Simpsons
**22.05** American Dad
**22.30** Bob's Burger
**22.55** Schitt's Creek
**23.20** NCIS: New Orleans
**00.30** Entourage
**01.00** Seinfeld
**01.25** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Tindur
**10.27** Zigby
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Tindur
**14.27** Zigby
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Tindur
**18.27** Zigby
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** Töfrahúsið



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.20** Inside the PGA Tour
**08.45** 2018 Augusta Masters
**13.15** Golfing World
**14.05** Inside the PGA Tour
**14.30** 2018 Augusta Masters
**19.00** 2018 Augusta Masters
**23.30** Champions Tour Highlights

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.40** Before We Go
**14.15** Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery
**15.40** Turks & Caicos
**17.20** Before We Go Rómantísk gamanmynd frá 2014. Kona sem missir af síðustu lestinni frá New York til Boston og er um leið rænd veski sínu fær aðstoð frá bláókunnugum tónlistarmanni sem á 80 dollara til skiptanna. Hér er á ferðinni fyrsta mynd Chris Evans sem leikstjóra en hann er þekktastur fyrir að leika Captain America í samnefndum myndum og í Avengers-myndunum. Before We Go gerist öll á einni nóttu í New York og segir frá kynnum þeirra Nicks Vaughan og Brooke Dalton sem hittast á Grand Central-lestarstöðinni þegar Brooke missir af síðustu lestinni heim til Boston og stendur þar fyrir utan uppi peninga- og símalaus eftir að veski hennar er rænt. Nick sér að hún er í vandræðum og býðst til að aðstoða hana. Eitt leiðir síðan af öðru og um leið og áhorfendur kynnast þeim Nick og Brooke nánar kynnast þau hvort öðru og í ljós kemur að þau eiga mun meira sameiginlegt en þau gat grunað.
**18.55** Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery
**20.20** Turks & Caicos
**22.00** Titanic
**01.10** Assassin's Creed
**03.05** Sacrifice

## RÚV

**14.30** Slóvenía - Ísland
**17.20** Innlit til arkitekta
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.07** Rán og Sævar
**18.18** Söguhúsið
**18.25** Fótboltasnillingar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Leiðin á HM
**20.10** Útsvar
**21.30** Vikan með Gísla Marteini
**22.15** Endeavour
**23.45** Borowski og börnin
**01.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** The Mick
**14.00** Man With a Plan
**14.20** Kokkaflakk
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Voice USA
**21.00** Guardians of the Galaxy
**23.05** I Love You Man
**02.35** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**03.15** The Walking Dead
**04.00** Penny Dreadful
**04.45** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





**SATT EÐA LOGIÐ**
KL. 20:55
Glæný sería af lygilega skemmtilegum fjölskylduþætti sem hinn eini sanni Benedikt Valsson eða Benni stýrir af mikilli röggsemi og fær til sín góða gesti. Þetta er þátturinn sem sannar að sannleikurinn getur verið afstæður.

Frábært Föstudagskvöld
Fáðu þér áskrift á 365.is

**AMERICAN IDOL**
KL. 19:25
Bráðskemmtileg sería af American Idol með frábærum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant. Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.






**ALIEN: COVENANT**
KL. 21:35
Geimfarið Covenant er á leið til áfangastaðar á hjara veraldar þegar áhöfnin uppgötvar ókannaða plánetu. Ævintýraleg spennumynd með Michael Fassbender í aðalhlutverki.

**TITANIC**
KL. 22:00
Saga um ást, hugrekki, trú og fórnir sem hlaut alls 11 Óskarsverðlaun. Í aðalhlutverkum eru Kate Winslet og Leonardo DiCaprio.



**AMERICAN DAD**
KL. 22:05
Skemmtileg teiknimyndasería um Stan sem er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.




Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



**BLÁR APRÍL**

Styrktarfélag barna með einhverfu

# EINHVERFAN MÍN ER BARA HLUTI AF MÉR OG VERÐUR ÞAÐ ALLTAF

Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja



# Fimm trend sem eru að koma aftur

Nú þegar vorið er handan við hornið fara margir að vilja breyta til í fataskápnum og jafnvel bæta einhverjum nýjum flíkum inn í hann. Hér eru trend sem verða áberandi í sumar, öll þeirra höfum við séð áður en bjuggumst kannski ekki við að sjá þau aftur.



## Krumpugallinn

Gamli góði krumpugallinn var mjög áberandi fyrir sumarið, ekki bara hjá íþróttamerkjunum heldur einnig tískuhúsum eins og Gucci og Isabel Marant. Peysan og buxurnar eru helst með stroffi að neðan, og eru úr þunnu efni sem krumpast auðveldlega. Notaðu þinn galla helst við háhælaða skó.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter



## Sportleg sólgleraugu

Íþróttatískan sem hefur verið ráðandi síðustu ár hefur varla farið fram hjá neinum, og nú á hún einnig við þegar kemur að sólgleraugum. Breski fatahönnuðurinn Stella McCartney kynnti nýjustu sólgleraugu sumarsins frá sínu merki og það er gleraugnastíll sem við könnumst helst við hjá þeim sem stunda íþróttir – með marglitu speglagleri og í sportlegum stíl. Ekki verra að þessi gleraugu henta jafn vel á strætum borgarinnar og við alls kyns útivist í sumar.



## Mjög víðar gallabuxur

Mjög víðar gallabuxur er flík sem margir óskuðu sér að sjá aldrei aftur, en þær eru komnar aftur. Danska fatamerkið Ganni kynnti nýja gallafatalínu fyrir sumarið á dögunum, þar sem við sjáum þessar buxur í allri sinni dýrð.



## Köflótt

Köflótt mynstur hefur verið mjög vinsælt í allan vetur en nú er það aðeins að breytast, og er orðið litríkara og stærra. Taktu Cher úr Clueless til fyrirmyndar og farðu í samstæðar köflóttar flíkur í skærum lit, í stuttan topp við útvíðar buxur eins og þetta dress frá sumarlínu Wood Wood.





## Höfuðfat vorsins

Þessi hattur sem kallast „bucket hat“ á ensku, hefur oftast verið tengdur við hjólabrettakappa eða veiðimenn. Hins vegar var hann mjög áberandi á tískupöllunum fyrir sumarið og sérstaklega hjá tískuhúsum eins og Neil Barrett, Prada og Louis Vuitton. Trend sem bæði kynin ættu að tileinka sér sem fyrst.

# ILVA



KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

SUMARVÖRU ÚTSALA

25-50% afsláttur af sumarvörum

6. APRÍL - 11. APRÍL

## TILBOÐ!

6. APRÍL - 11. APRÍL

25-40%

AF VÖLDUM VÖRUM!

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



nú 8.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 13.900 KR.
SPARAÐU 5.000 kr.
30%

MAYER-stóll. Svartur með grárri sessu.
13.900 kr. Nú 8.900 kr. Sparaðu 5.000 kr.



nú 8.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 14.900 KR.
SPARAÐU 6.000 kr.
40%

STORY-stóll. Svartur með grárri sessu.
14.900 kr. Nú 8.900 kr. Sparaðu 6.000 kr.



nú 8.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 12.900 KR.
SPARAÐU 4.000 kr.
25%

LINK-stóll.
Fáanlegur með hvítri eða svartri setu og krómfótum.
12.900 kr.
Nú 8.900 kr.
Sparaðu 4.000 kr.



nú 89.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 119.900 KR.
SPARAÐU 30.000 kr.
25%

MALLORCA-borðstofuborð.
Hvítt borð með eikarfótum. Stærð: 100 x 200 cm.
119.900 kr. Nú 89.900 kr. Sparaðu 30.000 kr.



nú 9.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 14.900 KR.
SPARAÐU 5.000 kr.
30%

PARIS-stóll.
Fáanlegur með hvítri eða svartri setu og eikarfótum.
14.900 kr.
Nú 9.900 kr.
Sparaðu 5.000 kr.




30% af ÖLLUM borðbúnaði



35%

nú 57.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 89.900 KR.
SPARAÐU 32.000 kr.

DENICE-sófi. 3ja sæta sófi með gráu slitskerku áklæði.
89.990 kr. Nú 57.900 kr. Sparaðu 32.000 kr.



30% af ÖLLUM púðum

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND



Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir var ósátt við gagnrýni Fréttablaðsins um leikverk hennar og ullaði framan í gagnrýnandann. Eitt sinn móðgaði John Lennon bresku þjóðina með sama háttalagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ullaði á gagnrýnanda með barnið sitt

**Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir** segist hafa ullað á leikhúsgagnrýnanda Fréttablaðsins með fimm ára son sinn með sér. Sigríður Jónsdóttir skrifaði dóm um verk Lóu, Lóaboratoríum, og gaf því tvær stjörnur.

Ljósið í myrkrinu var að ég náði að ulla á konuna án þess að fimm ára sonur minn tæki eftir því,“ segir Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, teiknari, tónlistarkona í FM Belfast og leikskáld, á Twitter-síðu sinni en hún á þar við Sigríði Jónsdóttur, leikhúsgagnrýnanda Fréttablaðsins. Sigríður dæmdi verkið Lóaboratoríum og gaf því tvær stjörnur.

**LJÓSIÐ Í MYRKRINU VAR AÐ ÉG NÁÐI AÐ ULLA Á KONUNA ÁN ÞESS AÐ FIMM ÁRA SONUR MINN TÆKI EFTIR ÞVÍ.**

Þetta var fyrsta verk Lóu sem sýnt var á sviði og bendir gagnrýnandi blaðsins á að leikskáld spretta sjaldnast fram fullsköpuð og að Lóa hefði þurft meiri stuðning í ferlinu. „Allur efniviðurinn er til staðar þannig að úr verði hnyttin ádeila um líf samtímakvenna sem væri svo sannarlega velkomið og þarft um þessar mundir. En húsið stendur á veikum grunni og umgjörðin heldur ekki. Íslensk leikritun dafnar ekki fyrr en skapað er umhverfi þar sem ungir höfundar geta þrifist, lært og skapað með stuðningi frá fagfólki,“ segir meðal annars í dómi Sigríðar.

Lóa var greinilega ekki tilbúin að meðtaka dóminn og segir enn fremur á Twitter-síðu sinni að sér hafi fundist Sigríður hafa skitið yfir verkið.

Reyndar virðist Lóa hafa verið óheppin með fólk sem hún hitti þennan dag. Hún bendir á að sama dag hafi hún hitt mann sem skuldar henni þriggja mánaða laun en sá hafi setti fyrirtæki sitt í gjaldþrot. Þá hafi hún fengið póst frá lögfræðingi um að mögulega fái hún aðeins 30 prósent af launum sínum fyrir vinnuna á Airwaves-hátíðinni í fyrra. „En bara kannski,“ segir hún og bætir við að hún hafi sleppt því að ulla á kallinn sem skuldaði henni launin því hann hafi verið að leiða barn. **benediktboas@365.is**

## Ullabarasta á þig (fræg ull)



**Gene Simmons**, bassafantur Kiss, er trúlega frægasti ullari heimsins. Simmons gerði tungu sína nánast ódauðlega með því að vera með hana úti á hvaða stundu sem var, í hvaða lagi sem var og á hvaða stað sem var. Alltaf var tungan úti.

Þegar **David Duchovny** og Thea Leoni giftu sig árið 1997 birtist grein í Degi/Tímanum þar sem farið var yfir að kvennabósinn hefði ullað á slúðurpressuna með því að gifta sig. „Maðurinn sem átti að vera á endalausu flandri milli glæsikvenna, vera svokallaður kvennabósi, ullaði nefnilega á pressuna og gifti sig með leynd,“ sagði í inngangi fréttarinnar.



Þegar **Pink** kom til landsins árið 2004 og skellti sér meðal annars í bað í Bláa lóninu var hún mynduð í bak og fyrir af íslenskum papparössum. Samkvæmt frásögn DV kemur fram að söngkonunni hafi ekki þótt mjög ánægjulegt að hafa íslenska ljósmyndara yfir sér, skvett vatni á einn, ullað á hann og sýnt honum löngutöng.

Rokkhundarnir í **Rolling Stones** eru svo með eitt frægasta lógó allra tíma. Einfalt og töff. Þar er einmitt munnur Jaggers að ulla og hefur þessi tímalausa klassík ratað á ótrúlegustu flíkur og hluti undanfarna áratugi.

**John Lennon** tókst eitt sinn að móðga nánast alla bresku þjóðina eins og hún lagði sig, er hann ullaði í sjónvarpsviðtali. Í umfjöllun Morgunblaðsins um bítilinn kemur fram að Lennon hafi verið spurður í viðtalinu hvort hann hefði eitthvað að segja löndum sínum. Lennon, sem þá var búsettur í Bandaríkjunum, kvað já við, sneri sér að sjónvarpsmyndavélinni og „ullaði“ framan í landa sína!



Í Vísi árið 1981 kemur fram að **Valgarður** pönkari úr Fræbbblunum hafi mætt á ritstjórnarskrifstofuna í fullum pönkaraherklæðum (hringur í nefi, ljósgrá jakkaföt) og urrað eitthvað um hljómleika Fræbbblanna og Taugadeildarinnar sem fram fóru í Félagsheimili Kópavogs. „Þetta verða tónleikar sem á kannski að gefa út á plötu,“ sagði pönkarinn á skrifstofunni og ullaði framan í blaðamann, að því er segir í blaðinu.



**Ozzy Osbourne** lenti í mótorhjólaslysi árið 2003. Þegar hann komst til meðvitundar sagði Kelly, dóttir hans, við fréttamenn: „Hann hefur verið að kvarta undan hjúkrunarkonunum þannig að við vitum að það er allt í lagi með hann. Hann gaf mér merki með þumalputtanum og ullaði svo á mig.“

SMÁRALIND

ÞVÍ AÐ ÞÍN ER FERMINGIN
ALLT SEM ÞARF FYRIR STÓRA DAGINN



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# BLESSUÐ FRAMTÍÐ!

40% VILDARAFSLÁTTUR



Ferðataska Scuba,
Stærðir: S (2 hjól), M & L (4 hjól)
**VILDARVERÐ FRÁ: 16.199.-**
Verð frá: 26.999.-

40% VILDARAFSLÁTTUR




Ferðataska LW,
4 hjól, allar stærðir
**VILDARVERÐ FRÁ: 9.899.-**
Verð frá: 16.499.-

25% VILDARAFSLÁTTUR



LX pennar (3 tegundir í boði)
**VILDARVERÐ FRÁ: 3.599.-**
Verð frá: 4.799.-

LAMY

LEITZ COMPLETE




Þráðlaus hátalari með hljóðnema
**VILDARVERÐ: 7.499.-**
Verð: 9.999.-

25% VILDARAFSLÁTTUR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildar- og tilboðsverða er til og með 9. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



**BAKÞANKAR**
Þórarins Þórarinssonar




## Hetjan systir mín

Ég er og hef alltaf verið ofboðslega stoltur af litlu systur minni. Alveg sérstaklega þessa dagana. Hún er nefnilega ljósmóðir.

Segir kannski allt um hversu ólík við systkinin erum að hún valdi sér fallegasta og göfugasta ævistarf sem til er á meðan ég kaus eitt það auvirðilegasta.

Undarleg þversögn samt að ráðafólk virðist almennt hafa megna andúð á okkur báðum. Mér mögulega verðskuldað en í tilfelli litlu systur í annarlegri firringu.

Ljósmæður eru mikilvægasta starfsstétt allra tíma. Um það er ekki einu sinni hægt að deila enda eiga sum okkar meira að segja öruggum og yfirveguðum ljósmæðrum líf barna sinna að þakka.

Auðvitað furðar allt eðlilegt fólk sig á því að ekki er hægt að greiða konum, sem hafa atvinnu af því að færa ljós í heiminn, sómasamleg laun fyrir ómetanlegt starf.

Systir mín var hjúkrunarfræðingur áður en hún ákvað að láta draum sinn rætast, bæta við sig tveggja ára háskólanámi, og verða ljósmóðir. Og lækka við það í launum. Án gríns!

Eins og ótal ljósmæður fyrr og síðar hefur hún bjargað lífi barna í fæðingu og verið foreldrum andleg stoð og stytta langt umfram það sem sjálfsagt þykir.

Hún uppsker vissulega ríkulega; mikið og oft ævarandi þakklæti. Henni hefur jafnvel verið sýndur sá sómi að barn hefur verið nefnt eftir henni. Fallegt og gefandi en enginn lifir á þakklætinu einu saman í okkar efnishyggjuheimi.

Í kjaradeilu ljósmæðra við ríkið er svo sannarlega hyldjúp gjá milli ríkisstjórnarinnar og þjóðar fólks sem einmitt hitti flest fyrir hlýjan faðm ljósmóður þegar það kom í heiminn.








